



AUKIÐ SAMSTARF EÐA SAMEINING SAFNA Á AUSTURLANDI?

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
Nóvember 2021

SKÝRSLUHÖFUNDUR

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir

YFIRLESTUR

Alda Marín Kristinsdóttir og Esther Ösp Gunnarsdóttir

HÖNNUN

Ingvi Örn Þorsteinsson

ÚTGEFANDI

Austurbrú/SSA

EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður	4	Ríkarðshús	31	Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024	58
Inngangur	5	Eysteinsstofa	32	Áfangastaðurinn Austurland og Áfangastaða- áætlun Austurlands	59
Aðferð og gagnaöflun	5	Langabúð	32	Samantekt	61
Um söfn og safnastarf á Íslandi	7	Niðurstöður viðtala við forsvarsmenn safntengdrar starfsemi á Austurlandi	33	Ábyrgðarsafn	62
Lagarammi og skilgreiningar	7	SVÓT greining	38	Sameiningar- og samstarfsmöguleikar	65
Safnafræði	10	Viðhorf til sameiningar/samstarfs	42	Safnapassi	65
Austfirskt safnastarf	11	Samvinna	42	Sameiginlegt varðveisluhúsnæði	65
Fjöldi sýningastaða	12	Er þörf á breytingum í starfs- og rekstrarumhverfi safna?	42	Samnýting á sérfræðikunnáttu og sérhæfingu starfsfólks	66
Gestafjöldi	13	Gildi safna fyrir austfirskt samfélag	42	Fagráð/klasastarf	66
Rekstur	14	Samantekt	45	Sameiningarmöguleikar	66
Starfsmannahald og mannauður	17	Viðtöl við forstöðumenn höfuðsafna og framkvæmdastjóra safnaráðs	47	Safnastofnun Fjarðabyggðar	67
Viðtöl við forstöðumenn safna, sýninga og setra	21	Sýn á austfirsk safnamál	48	Múlaþing	67
Viðurkennd söfn	22	Rekstrar-, laga- og starfsumhverfi safna	50	Sameining þvert á sveitarfélög	67
Minjasafnið á Bustarfelli	22	Viðhorf til sameiningar safna	51	Lokaorð	69
Minjasafn Austurlands	23	Frekari samvinna	51	Heimildaskrá	70
Sjóminjasafn Austurlands	24	Ábyrgðarsafn – kostir og gallar	51	Viðauki 1	72
Tækmininjasafn Austurlands	25	Aðkoma viðmælenda að breytingum í formi sameininga	51	Viðauki 2	73
Önnur safnatengd starfsemi	27	Samantekt	52		
Íslenska stríðsárasafnið	27	Aðrar stefnur og áætlanir	53		
Fransmenn á Íslandi	27	Menningarstefna 2013	54		
Náttúrugripasafnið í Neskaupstað	28	Safnastefna á sviði menningarmínja	55		
Sjóminja- og smiðjumunasafn		Menningarstefna Fjarðabyggðar 2019-2021	56		
Jósafats Hinrikssonar	28	Menningarstefna Fljótssdalshéraðs 2019-2021	57		
Málverkafn Tryggva Ólafssonar	29				
Óbyggðasetur Íslands	29				
Vesturfarasetrið á Vopnafirði	30				
Gunnarsstofnun	30				
Breiðdalssetur	31				

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Mikill fjöldi safna, setra og sýninga er á Austurlandi. Menningarminjasöfn og sögusýningar eru þar í miklum meirihluta, í fjórðungnum eru tvö listasöfn og nokkur fjöldi steinasafna. Þar eru fjögur viðurkennd söfn: Bustarfell, Minjasafn Austurlands, Sjóminjasafn Austurlands og Tækniminjasafn Austurlands. Langoftast er um að ræða litlar rekstrareiningar með veikburða rekstrargrundvöll.

Verkaskipting safnanna byggir á gömlum grunni er varðar söfnunarstefnu og verkvið þó eitthvað sé eðlilega líka um skaranir.

Af viðurkenndu söfnunum stendur Minjasafn Austurlands á sterkustu stöðunum með meiri veltu og fleiri starfsgildi. Mikil breidd er í starfsemi óviðukenndra safna, bæði hvað varðar umfang og veltu. Skriðuklaustur og Óbyggðasetrið skera sig úr á meðan flestar aðrar einingar eru mjög litlar.

Tækniminjasafnið varð illa úti eftir skriðuföllin á Seyðisfirði í desember 2020, húsnæði þess og safnkostur laskaðist mikið og framtíð þess stendur á krossgötum.

Þegar rýnt er í tölfræði kemur fram að meðaltal stöðugilda, rekstrartekjur og gestafjöldi viðurkenndra safna er lægstur á Austurlandi ef horft er til landsins í heild.

Það á einnig við þegar horft er til annarrar safntengdrar starfsemi. Í viðtölum við forsvarsmenn safna og sveitarstjórnarfólk kom fram mikill vilji til aukins samstarfs en skiptar skoðanir voru um ágæti eða kosti þess að sameina söfn.

Hugmyndir um aukið samstarf fólu m.a. í sér að söfn og safntengd starfsemi myndu sameinast um fræðslufulltrúa, markaðssetning og kynningarstarf yrði sett undir einn hatt, komið yrði upp sameiginlegu varðveisluhúsnæði í landshlutanum og að safnaklasi/faghópur yrði endurvakinn/settur formlega á fót til að tryggja samtal milli safna og bæta faglegt starf þeirra.

Hið nýstofnaða sveitarfélag Múlaþing, sem á eftir að setja sér menningarstefnu, gæti verið farvegur breytinga og mögulegra safnasameininga.

Tækniminjasafn Austurland hefur, í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði í desember 2020, hafið heildarendurskoðun á sinni stefnu til framtíðar. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi eru hluti af þeirri endurskoðun.

Í Safnastofnun Fjarðabyggðar má finna visst fyrirkomulag sem þykir hafa gefið góða raun þó að fjármagn hafi ávallt vantað fyrir fleira starfsfólk. Mögulega væri hægt að horfa til

þess fyrirkomulags í umræðum um sameiningarmál eða hagræðingu í rekstri.

Safnastefna á sviði menningarminja, Sóknaráætlun Austurlands, Áfangastaðaáætlun Austurlands og menningarstefnur sveitarfélaganna eru meðal þeirra stefna sem mikilvægt er að horfa til í austfirsku safnastarfi.

Töluverð gagnrýni kom fram í viðtölum á fjárveitingar ríkisvaldsins í gegnum safnasjóð og ekki væri lengur hægt að sækja þangað um rekstrarstyrki, eingöngu verkefnastyrki. Við viðurkenningu væru talsverðar skyldur lagðar á herðar safnanna án tillits til aðstöðu eða staðsetningar og ekki væri komið til móts við það við fjár- og/eða styrkveitingar.

Hugmyndina um ábyrgðarsafn þarf að skilgreina betur og lýstu viðmælendur efasemdum sínum um hverju það myndi í raun skila að koma slíku kerfi á. Minjasafn Austurlands er það safn sem oftast er horft til hér eystra sem gæti tekið að sér slíkt hlutverk, ef af yrði.

INNGANGUR

Verkefni þetta er liður í byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024 sem samþykkt var á Alþingi þann 11. júní 2018. SSA fól Austurbrú að hafa yfirumsjón með verkefninu á Austurlandi. Markmið verkefnisins er að gerð verði „fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna [í hverjum landshluta fyrir sig] í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til 13. gr. safna-laga, nr. 141/2011, auk safnaráðs. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda safna sem hefja samstarf eða sameinast.“

(Byggðamál – aðgerðaáætlun, 2021).

Hér á eftir verður farið yfir safnastarf á Íslandi sem og á Austurlandi, niðurstöður viðtala dregnar saman, stefnur og áætlanir stjórnvalda speglaðar út frá viðfangsefni skýrslunnar og að lokum teiknaðar upp nokkrar sviðsmyndir um annað hvort frekara samstarf eða sameiningar.

AÐFERÐ OG GAGNAÖFLUN

Við framkvæmd verkefnisins var stuðst við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin voru opin viðtöl við forsvarsmenn fjögurra viðurkenndra safna á Austurlandi og ellefu óviðurkenndra safna. Þá voru tekin viðtöl við stjórnarformenn þriggja safna og sveitarstjórnarfolk í Fjarðabyggð og Múlaþingi. Einnig voru tekin viðtöl við framkvæmdastjóra safnaráðs og forstöðumenn tveggja höfuðsafna, Náttúruminjasafns Íslands og Listasafns Íslands. Skýrsludrög voru send þjóðminjasafni Íslands til kynningar og óskað eftir athugasemdum.

Viðtöl fóru fram í síma, gegnum fjarfundabúnað eða í persónu. Þau voru annað hvort tekin upp og helstu upplýsingar og punktar ritaðir niður eftir á eða skrifuð upp samhliða.

Í viðauka 2 má sjá lista yfir viðmælendur og viðtalsvísa sem notaðir voru. Er viðmælendum kærlega þakkað fyrir áhugaverðar umræður.

Einnig voru upplýsingar fengnar af heimasíðum safnanna, úr ársreikningaskrám og annars staðar á veraldarvef, eins og fram kemur í heimildaskrá.

Viðtölin tóku, auk skýrsluhöfundar, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir og Ingvi Örn Þorsteinsson, starfsmenn Austurbrúar. Auk þess komu Signý Ormarsdóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir, hjá Austurbrú, að skipulagi og formun verkefnisins á ýmsum stigum þess.



Sýningin „Sjálfbær eining“ á Minjasafni Austurlands fjallar um hvernig sveitaheimili áður fyrr þurftu að vera sjálfum sér næg á sem flestum sviðum.

UM SÖFN OG SAFNASTARF Á ÍSLANDI

LAGARAMMI OG SKILGREININGAR

Lagarammi í kringum söfn á Íslandi tekur til viðurkenndra safna sem starfa skv. ákvæðum safnalaga nr. 141/2011 sem tóku við af safnalögum frá árinu 2001 (Safnalög nr. 141/2011., 2021). Í fyrstu grein segir:

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn.

Í 3. grein sömu laga er fjallað um hlutverk safna og er það skilgreint svo:

Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknnum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

Minjastofnun Íslands hefur umsjón með fornleifum og byggingararfi og er oft leitað til starfsmanna hennar, sérstaklega þegar söfn eru með á sinni könnu friðuð og/eða friðlýst hús.

Önnur lög sem hafa með safnastarfsemi á Íslandi að gera er

- Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011
- Myndlistarlög nr. 64/2012
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
- Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013

Safnalög fjalla ekki um starfsemi safnvísa, setra eða sýninga sem þó eru mjög mikilvæg í flóru menningarstofnana á landsvísi.

Í safnalögunum frá 2011 má finna ný og gömul hugtök er ramma að vissu leyti inn gerð og form íslensks safnastarfs og rétt er að útskýra hluta þeirra hér:

Höfuðsafn

Höfuðsöfn landsins eru þrjú, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Söfnin skulu stuðla að samvinnu og samræmdri safnastefnu, hvert á sínu sviði, ásamt því að vera öðrum söfnum til ráðgjafar.

Til eru sérstök lög sem gilda fyrir höfuðsöfnin líkt og lög um menningarminjar. Þar er kveðið á um að þjóðminjar skuli vera friðlýstar eða varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands eða í viðurkenndum söfnum á vegum þess. Þjóðminjasafn Íslands sem er höfuðsafn á sviði menningarminja hefur það hlutverk „að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar“ (Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011., 2021).

Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar og hefur það hlutverk „að safna íslenskri myndlist“, varðveita hana og miðla. (Myndlistarlög, 2021).

Náttúruminjasafn Íslands starfar skv. lögum nr. 35/2007 og er „fræðslu- og vísindastofnun sem er ætlað að gegna miðlægu hlutverki við miðlun þekkingar og upplýsinga um náttúrufræðileg efni og vera ráðgefandi gagnvart öðrum söfnum landsins sem sýsla með náttúruna“ (Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007, 2021).

Ábyrgðasafn

Í skilningi safnalaga er ábyrgðasafn viðurkennt safn sem hefur það verkefni „að bera faglega ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs“ en ábyrgðin getur „náð til afmarkaðs sviðs eða tiltekins landsvæðis“. Ábyrgðasafn skal starfa náið með höfuðsafni á viðkomandi safnasviði. Enn hefur ekki verið sett reglugerð til að skýra betur hlutverk, ábyrgð, skyldur og réttindi ábyrgðarsafna og hefur ekkert íslenskt safn fengið þá skilgreiningu.

Viðurkennt safn

Viðurkennt safn er safn sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra eftir tillögu frá safnaráði og skal starfa samkvæmt skilmálum safnaráðs varðandi húsnæði, öryggismál, aðgengi, skráningarkerfi og faglegt starf. Viðurkenning safnaráðs er nauðsynleg til að safn geti sótt um styrki í safnasjóð.


Safnaráð

Meginhlutverk þess er að hafa eftirlit með íslenskri safnastarfsemi, stefnumótun, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð (Safnaráð, 2021).

Safnasjóður

Sjóðurinn er leið ríkisvaldsins til að veita fjármagni til safnastarfs í landinu, stofnaður árið 2001. Í hann geta viðurkennd söfn, önnur en þau sem eru í eigu ríkisins, sótt um rekstrar- og verkefnastyrki til að efla starfsemi sína. Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta fengið verkefnastyrki úr safnasjóði til skilgreindra verkefna séu þau í samvinnu við viðurkennd söfn (Safnasjóður, án dags.).

Taflan hér að neðan sýnir heildarframlög í safnasjóð frá upphafi í samhengi við úthlutun úr honum í milljónum króna.
(Ársskýrsla safnaráðs 2019, 2019)



Önnur safntengd starfsemi, safnvísar, setur og sýningar

Í safnalögum eru skilgreiningar á annarri safntengdri starfsemi:

- Safnvísar sinna safnatengdri starfsemi en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu skv. 10. gr.
- Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu.
- Sýningar eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknum.
- Safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn skv. 22. gr.

Safnafræði

Safnafræði hefur verið kennd við Háskóla Íslands um árabíl, hún er þverfagleg fræðigrein sem tekur til nánast allra þátta safnastarfs. (Safnafræði, án dags.) Nemendur fá aukinn skilning á flestum þáttum hefðbundins safnastarfs og samþáttun fræðilegra vinnubragða, rannsókna og kenninga. Námið hefur orðið til þess að fjölgun hefur orðið á sérmenntuðu starfsfólki í safnafræðum í íslenska safnageiranum þó, eftir bestu vitund skýrsluhöfundar, sé ekki menntaður safnafræðingur starfandi á austfirskum söfnum. Þrátt fyrir það er á söfnunum starfandi fólk með menntun sem nýtist í safnastarfi, s.s. fornleifafræði, þjóðfræði og sagnafræði.

Ljósmynd: Jessica Auer.



Bustarfell er einn best varðveitti torfbær landsins. Í honum má glögg sjá breyttan búskap og lífnaðarhætti fólks frá því um 1770–1966.

AUSTFIRSKT SAFNASTARF

Á Austurlandi eru fjögur formlega viðurkennd söfn, Minjasafn Austurlands, Tækniminjasafn Austurlands, Sjóminjasafn Austurlands og Bustarfell auk fjölda setra, sýninga og annarrar safntengdrar starfsemi. Umfang og stærð þeirra er mjög mismunandi, eins og hér verður betur lýst á eftir.

Í burðarliðnum eru einnig fleiri söfn/sýningar, s.s. Landasafn á Borgarfirði og Listasafn á Djúpavogi.

Minjasafn Austurlands er líklegast burðugasta viðurkennda safnið á Austurlandi með flest starfsfólk og mesta starfsemi. Öll söfnin eru þó faliðuð og eiga erfitt með að sinna verkefnum sínum og skyldum að fullu. Tekjur austfirskra safna og gestafjöldi er vel undir meðaltali á landsvísi og í raun lægst ef horft er til einstakra landshluta, eins og síðar kemur fram.

Austfirsk söfn og sýningar hafa með sér verkaskiptingu byggða á gömlum grunni þegar kemur að hlutverki og söfnunarsviði en þó er eitthvað um skarannir í söfnunarstefnum þeirra. Safnkostur þeirra er misvel skráður og aðgengilegur og aðbúnaði og varðveisluskilyrðum hans oftast en ekki ábótavant. Ekki er starfandi forvörður á svæðinu. Margar sýningar eru í gangi en mögulega nokkuð „gamaldags“ og komnar til ára sinna. Sérsýningar eru reglulega settar upp. Mörg söfn bjóða upp á safnfræðslu í einhverri mynd, aðra viðburði og skipulagða dagskrá.

Geymsluhúsnæði og sýningarrými uppfyllir sjaldnast kröfur um loftgæði, hitastýringu og lýsingu, þótt mismikið vanti upp á. Aðgengismálum er oft ábótavant.

Gestir sem heimsækja austfirsk söfn, sýningar og setur eru ferðamenn (íslenskir og erlendir), heimamenn (við sérstaka viðburði/opnanir) og nemendur.

Söfnin sjá oftast sjálf um sín kynningarmál, eru sum hver með heimasíðu og misvirk á samfélagsmiðlum. Þá eru þau kynnt í gegnum sameiginlegar vefgáttir ferðaþjónustunnar, s.s. **visitausturland.is** og **austurland.is**. Verkefnið **List fyrir alla**, sem m.a. er ætlað að velja og miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt, er með heimasíðu með undirflipa um menningarhús og söfn og vinnur að því um þessar mundir að færa inn upplýsingar þar eftir landshlutum (Menningarhús og söfn, 2021).

Söfnin eru oft í eigu sveitarfélaga eða rekin af þeim að miklu leyti, en rekstrarform er misjafnt og stundum er um samvinnu/samlegð að ræða við önnur söfn eða aðra starfsemi:



- Safnahúsið á Egilsstöðum hýsir, auk Minjasafns Austurlands, Bókasafn Héraðsbúa og Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Þetta eru þrjár stofnanir með mismunandi rekstrarform en mikið og öflugt samstarf sín á milli.
- Safnastofnun Fjarðabyggðar hefur yfirumsjón með flest öllum söfnum, bókasöfnum og skjalasöfnum í sveitarfélaginu.
- Safnahúsið í Neskaupstað hýsir þrjú söfn: Náttúrugripasafn Austurlands, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar. Þau samnýta starfsmann á opnunartíma Safnahússins.
- Langabúð á Djúpavogi hýsir þrjú setur/sýningar: Eysteinsstofu, Ríkarðshús og byggðasafn. Þar er samlegð með veitingasölu í húsinu og sér starfsfólk rekstraraðila hennar um móttöku gesta og fleira.
- Í Kaupvangi á Vopnafirði er rekið kaffihús og er sýning Vesturfara-setursins aðgengileg á opnunartíma þess.
- Fransmenn á Íslandi og Fosshótel Austfirðir deila húsnæði í endurgerðu Frönsku húsunum á Fáskrúðsfirði.

Leiða má líkur að því að í hinu nýstofnaða sveitarfélagi, Múlaþingi, verði einhverjar breytingar á umhverfi menningarstofnana innan þess, en það á eftir að koma í ljós hverjar þær verða.

Fjöldi sýningastaða

Hagstofa Íslands tekur saman talnaefni um söfn, setur, sýningar og garða (Talnaefni - söfn, 2018). Nýjustu tölur þar eru frá 2018 og er nokkuð áhugavert að skoða samanburð milli landshluta sem þar kemur fram. Samkvæmt þeim tölum eru sýningarstaðir muna- og minjasafna á Austurlandi 17 talsins árið 2018 og sker landshlutinn sig ekki frá öðrum landshlutum er það varðar. Ef horft er til munar á fjölda sýningarstaða milli 2013 og 2018 þá er lítil breyting í landshlutunum fyrir utan það að þeim fjölga um sex á Norðurlandi eystra en fækka um sjö á Suðurnesjum.

Einnig er forvitnilegt að skoða hvernig samsetning sýningastaða er, hvort um er að ræða sögusýningar, listasýningar, náttúrusöfn, fiskasöfn og dýragarða eða grasagarða. Á Austurlandi eru, eins og í öðrum landshlutum (fyrir utan höfuðborgarsvæðið), sögusöfn í miklum meirihluta, einungis eitt listasafn og tvö náttúrusöfn. Ljóst er að tölur Hagstofunnar eru ekki tæmandi því að vitað er að steinasöfn á Austurlandi eru a.m.k. þrjú með sýningar auk Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað, en samkvæmt tölum Hagstofunnar voru einungis tvö náttúrusöfn í landshlutanum árið 2018. Engir fiska- og dýragarðar né grasagarðar voru skráðir á Austurlandi.




Gestafjöldi

Gestafjöldi er lægstur á austfirskum söfnum, sýningum og setrum yfir árið þegar horft er til skiptingar milli landshluta. Það staðfesta bæði tölur Hagstofu Íslands og safnaráðs. Í tölum Hagstofunnar kemur fram að árið 2018 voru safngestir á Austurlandi tæplega 58 þúsund talsins en á Vestfjörðum sem hafa næst fæsta gesti eru þeir um 85 þúsund.

Það er umhugsunarefni að bæði meðaltekjur viðurkenndra austfirskra safna og gestafjöldi eru lægst borið saman við aðra landshluta. Á bak við tölurnar eru eingöngu viðurkennd söfn og rétt að hafa í huga að meðaltalstölur eru óáreiðanlegri þegar mjög fáar einingar eru á bak við þær og þá geta einstaka söfn með mikið frávik frá meðaltali einnig skekkt myndina nokkuð. Velta má fyrir sér hvað veldur því að færri gestir heimsækja söfnin hér en t.d. á Vestfjörðum sem eru líka fjarri mesta ferðamannafjöldanum.


Eru söfnin og sýningarnar ekki eins spennandi fyrir gesti? Er kynningar- málum ábótavant? Er opnunartími styttri? Hvað annað veldur? Það væri fróðlegt að skoða betur.

Meðaltal gestafjölda 2019 - viðurkennd söfn




Sé horft til viðurkenndra safna í tölum safnaráðs má sjá að austfirsk söfn fá að meðaltali fæsta gesti árið 2019, eða 3.258, á meðan Vesturland er með að meðaltali 5.036 gesti á safn og Vestfirðir 7.336. Heimild: Safnaráð.

Gestafjöldi á söfnum og safntengdri starfsemi eftir landshlutum 2018



Heimild: Hagstofa Íslands

Gestafjöldi eftir safntegund 2018



Eðlilega heimsækja flestir sögusöfn þar sem þau eru í miklum meirihluta. Heimild: Hagstofa Íslands.

Rekstur


Tekjustofnar safna eru nokkrir og þyngst vegur framlag frá eigendum þeirra sem oftast eru sveitarfélögin. Þau geta einnig sótt í ýmsa opinbera styrki, svo sem í safnasjóð og uppbyggingarsjóði landshlutanna. Þá eru sértekjur, oftast í formi aðgangseyris og sölutekna, misstór hluti af tekjum þeirra eins og sést á meðfylgjandi töflu sem byggir á upplýsingum frá safnaráði.

Sértekjur viðurkenndu safnanna á Austurlandi koma úr ólíkum áttum. Komur skemmtiferðaskipa höfðu t.d. mikið að segja fyrir Tæknimínjasafnið en sá tekjustofn hrundi vegna Covid-19 faraldursins og óvíst hvernig þróunin verður á næstunni. Þá er ljóst að heimsfaraldurinn hefur áhrif á ferðaþjónustu á Íslandi og hagsæld, a.m.k. til skamms tíma, og ríkir þó nokkur óvissa um framtíðina af hans völdum. Sveitarfélög, stærstu eigendur safnanna, hafa orðið fyrir tekjutapi og stundum útgjaldaaukningu í tengslum við faraldurinn og getur það mögulega haft áhrif á framlög til safna og annarra menningarstofnana næstu árin.


Sértekjur viðurkenndra safna á landsvísu 2019 voru 20,7% af heildartekjum en hér eystra voru þær 16,7%.

Hér til hægri má sjá töflu er sýnir samanburð á tekjum viðurkenndra safna eftir landshlutum, gestafjölda þeirra og ársverkum, allt meðaltalstölur.

Hlutfallsskipting tekjustofna viðurkenndra safna 2019.



Tekjur í hlutfalli við gestafjölda og ársverk - 2019




Í eftirfarandi töflu eru upplýsingar um tekjur og gjöld viðurkenndu safnanna á Austurlandi samkvæmt upplýsingum frá söfnunum sjálfum. Minjasafn Austurlands er með umtalsvert styrkari tekjugrunn en hin söfnin. Rétt er að taka fram að stór hluti tekna Tækniminjasafnsins er í formi styrkja til viðgerða og endurbóta á sögulegum húsum en ekki til rekstursins sjálfs.

Samtals voru tekjur viðurkenndu safnanna fjögurra 72,5 milljónir króna árið 2019 og þar af lögðu sveitarfélögin til þeirra 44 milljónir. Þau söfnuðu 15 milljónum í styrki til ýmissa sér- og samstarfsverkefna og sértekjur þeirra, aðallega aðgangseyrir, var 12 milljónir króna. Meðaltekjur þeirra voru 18 milljónir en ef Minjasafn Austurlands er tekið út úr þeirri jöfnu, voru meðaltekjur aðeins um 13 milljónir króna.


Ef horft er til þeirra safna og safntengdrar starfsemi sem er sérstaklega skoðuð í þessari skýrslu og tölur fengust um, sést að heildartekjur þeirra voru samanlagt tæplega 245 milljónir árið 2019 en eins og meðfylgjandi tafla sýnir er ársvelta þeirra mjög mismunandi.

Meðaltalstekjur árið 2019 voru 20,4 milljónir en ef undanskilin eru Óbyggðasetrið og Skriðuklaustur, sem hafa mun meiri tekjur en aðrar rekstrareiningar sem hér er fjallað um, voru þær 10,7 milljónir króna. Alls lögðu austfisk sveitarfélög 88,8 milljónir króna til safna og safnatengdrar starfsemi árið 2019; 30,9 milljóna var aflað með styrkjum og sértekjur voru 83,3 milljónir króna. Framlag sveitarfélaganna er að vissu leyti vantalið en kostnaður við rekstur og viðhald fasteigna til safntengdrar starfsemi í þeirra eigu er líklega hærri en þessar tölur segja til um.


Rekstrartekjur viðurkenndra austfiskra safna 2019



Rekstrartekjur í safntengdri starfsemi 2019



Taflan sýnir hve breytileg hlutfallsskipting tekjustofna þessara rekstrareininga er.





Starfsmannahald og mannauður

Samtals voru ársverk á viðurkenndum söfnum á Austurlandi 6,5 árið 2019 og meðaltal ársverka á safn 1,6. Á launaskrá voru fjórtán alls. Ekki fengust áreiðanlegar tölur um allar safntengdu rekstrareiningarnar en við þær 10 sem við höfum tölur um störfuðu 31 við safnatengda starfsemi á Austurlandi árið 2019 sem samanlagt lögðu til 12,9 ársverk. Meðaltal ársverka á rekstrareiningu var 1,4.

Vinna iðnaðarmanna, stjórnarfólks, starfsfólks stjórnsýslu sveitarfélaga, þegar svo ber undir og önnur aðkeypt vinna ásamt sjálfboðaliðastarfi er ekki inn í þessum tölum og hugsanlega eru þær ekki alveg sambærilegar en gefa þó nokkuð raunsanna mynd.

Meðalársverk í viðurkenndum söfnum á Austurlandi eru umtalsvert færri en á landsvísu. Samkvæmt tölum frá safnaráði var meðaltal ársverka árið 2019 1,67 á Austurlandi en 3,82 yfir landið. Reykjavíkursöfnin tvö skáru sig úr með miklu fleiri ársverk en séu þau undanskilin voru ársverk að meðaltali 2,64 á viðurkenndum söfnum.

Eins og áður segir birtir Hagstofa Íslands tölur um starfsemi safna og safnskyldrar starfsemi. Þar má greinilega sjá að árið 2018 voru starfsmenn í þeim geira fæstir á Austurlandi hvort sem er að sumri eða vetri.



Það sem þessar tölur gefa sterklega til kynna er að söfn og safntengd starfsemi er alla jafna fámennis- eða einmenningsvinnustaðir sem stendur starfsemi, faglegu starfi og framþróun fyrir þrifum. Þá er rétt að hafa áhyggjur af spekileka þar sem yfirfærsla þekkingar er ótrygg með kynslóðaskiptum og nýju fólki.

Í bókinni *The Manual of Strategic Planning for Museums* eftir Gail Dexter Lord og Kate Markert frá árinu 2007 er tafla sem sýnir þætti sem ná yfir starfsemi og hlutverk safna (Lord & Markert, 2007):

Safnkostur

- Rannsóknir
- Söfnun
- Skráning
- Varðveisla
- Umsýsla safnkostar
- Sýningar
- Útgáfa

Miðlun/dagskrá

- Túlkun
- Fræðsla
- Viðburðir
- Sýningar
- Markaðsstarf
- Útgáfa

Rekstur og stjórnun

- Byggingar og umhverfi
- Öryggismál/öryggi og heilbrigði
- Mannauðsmál
- Fjármál
- Stjórn safnsins - skipulag
- Samskipti við yfirvöld og aðra ytri aðila
- Sértekjur og styrkir
- Framtíðarsýn og -skipulag
- Fjármögnun/þróun

Það liggur í hlutarins eðli að ef safn hefur aðeins einn eða tvo starfsmenn geta þeir ekki sinnt öllum þessum þáttum svo vel sé.

Ljósmyndari: Zuhaiz Akizu.



Birtingarmynd þeirra fjölmörgu verkefna sem safnstjórar á fámennum söfnum bera ábyrgð í kristallast í þessari mynd frá skrifstofu fyrrum safnstjóra Tækniminjasafns Austurland.

TÖLULEG SAMANTEKT UM AUSTFIRSKT SAFNASTARF

Á Austurlandi eru fjögur viðurkennd söfn auk fjölda setra, sýninga og annarrar safntengdrar starfsemi. Tölur Hagstofunnar telja sautján sýningarstaði í landshlutanum árið 2019. Þar eru muna- og minjasöfn í miklum meirihluta.

Minjasafn Austurlands er líklegast burðugasta viðurkennda safnið á Austurlandi með flest starfsfólk og mesta starfsemi. Öll söfnin eru þó fáliðuð og eiga erfitt með að sinna verkefnum sínum og skyldum að fullu. Tekjur austfirskra safna sem og gestafjöldi er vel undir meðaltali á landsvísu og í raun lægst ef horft er til einstakra landshluta.

Umfang og stærð safna, setra og sýninga er fjölbreytt, rekstrarformið af ýmsu tagi og aðkoma sveitarfélagsins þar sem þau eru staðsett breytileg.

Þegar rýnt er í opinberar tölur kemur skýrt fram að söfn og safntengd starfsemi á Austurlandi er alla jafna fámennis- eða einmenningsvinnustaðir sem stendur starfsemi, faglegu starfi og framþróun fyrir þrifum.



Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði.

VIÐTÖL VIÐ FORSTÖÐUMENN SAFNA, SÝNINGA OG SETRA

Tekin voru viðtöl við safnstjóra viðurkenndu safnanna til að varpa ljósi á starfsemi og umhverfi viðkomandi safns. Starfsumhverfi þeirra er mjög mismunandi, sem og umfang og rekstur, eins og sjá má í eftirfarandi umfjöllun.

Ljósmynd: Sigrún Júnía.



Heimsókn á góða sýningu örvar öll skilningarvit, ungra sem aldraðra.

Minjasafnið á Bustarfelli

Í Hofsárdal í Vopnafirði stendur gamalt ættarsetur, torfbærinn Bustarfell sem er einn af elstu og best varðveittu bæjum sinnar tegundar á landinu. Frá árinu 1532 hefur sama ættin búið þar. Bærinn hefur verið til sýnis síðan árið 1943 en stofnað var til starfseminnar í þeirri mynd sem hún er í dag árið 1982. Sérstaða safnsins felst í því hversu glöggð það miðlar breyttum búskapar- og lifnaðarháttum fólks allt frá því um 1770 og þar til að búsetu lauk í bænum árið 1966. Húsið sjálft er hluti af Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Safnstjóri lýsti hvernig skortur á fjármagni gerir safninu erfitt að uppfylla skilyrði og kröfur safnaráðs til viðurkenndra safna.

Samstarf við önnur söfn hefur ekki verið mikið. Þó má nefna að Þjóðminjasafnið lánaði „heim“ altarisdúk sem sagður er vera verk huldufólks og kallast *Álfkonudúkurinn frá Bustarfelli* til sýningar eina helgi fyrir nokkrum árum. Safnstjóri lýsti yfir vilja og áhuga á að taka þátt í samstarfi.

Opnunartímar, skráningar- og varðveislumál og rekstrarform.

Opnunartímar: 1. júní til 10. september.

Gestafjöldi 2019: 2.471.

Eignarhald og stjórnun: Sjálfseignarstofnun. Fimm manna stjórn.

Safnkostur: Frá Bustarfelli, sýnir sögu ábúenda og þróun tímans. Einnig gripir sem tengjast Vopnafirði.

Skráning: Mestur hluti í sýningu. Verið að færa úr aðfangabókum yfir í sarp.

Geymslur: Einangraður gámur.

Viðurkennt safn: Já.

Samstarf: Mjög lítið.



Ljósmynd: Jessica Auer.

Badstofa Minjasafnsins á Bustarfelli.

Minjasafn Austurlands

Minjasafn Austurlands var formlega stofnað árið 1943. Stofnaðilar safnsins voru Búnaðarsamband Austurlands, Samband austfirskra kvenna og Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands. Síðar bættust Menningarsamtök Héraðsbúa í hópinn og frá árinu 1977 urðu sýslunefndir Múlasýslna meðeigendur og rekstraraðilar safnsins. Í dag standa Múlaþing og Fljótshreppur að byggðasamlagi um rekstur safnsins. Mögulega eru breytingar í farvatninu á rekstrarforminu með tilkomu hins nýja sveitarfélags, Múlaþings, án þess að formlegt ferli sé hafið í þá átt.

Safnið fylgir samþykktri söfnunarstefnu, það bætist stöðugt við safnkostinn og kemur hann af öllu Austurlandi. Það varðveitir minjar um sögu, menningu og samfélag fjórðungsins. Á safninu eru tvær grunnsýningar, *Hreindýrin á Austurlandi* og *Sjálfbær eining*. Safnið setur árlega upp nokkrar minni sérsýningar. Þá er mjög virk safnfræðsla á safninu sem er að mestu í höndum safnfræðslu-fulltrúa og mikið samstarf við fræðslustofnanir á Héraði og víðar í landshlutanum.

Safnið er í miklu samstarfi við hin söfnin í Safnahúsinu, bókasafnið og héraðsskjalasafnið um sýningar, viðburði og fleira. Safnið hefur einnig verið virkt í samstarfi við önnur söfn og menningarstofnanir, m.a. í sýningargerð og -haldi, viðburðum og rannsóknum auk þess að taka virkan þátt í austfirskum hátíðum eins og *BRAS* og *Dögum myrkurs*. Safnstjóri lýsti yfir áhuga á frekara samstarfi, það er hennar sýn og skoðun að aukið samstarf leiði til fleiri tækifæra og faglegra starfs.

Opnunartímar, skráningar- og varðveislumál og rekstrarform.

Opnunartímar: Allt árið, alla daga á sumrin.

Gestafjöldi 2019: 2.860.

Eignarhald og stjórnun: Byggðasamlag Múlaþings og Fljótshrepps. Fimm manna stjórn.

Safnkostur: Munirnir koma frá öllu Austurlandi. Fylgir söfnunarstefnu.

Skráning: Sarpur. Vel skráð.

Geymslur: Uppfylla kröfur viðurkenndra safna.

Viðurkennt safn: Já.

Samstarf: Mikið samstarf, innan Safnahússins á Egilsstöðum og við skóla og aðrar menningarstofnanir, bæði í fjórðungnum og á landsvísi.



Önnur grunnsýning Minjasafns Austurlands fjallar um hreindýr á Austurlandi.

Ljósmynd: Jessica Auer.

Sjóminjasafn Austurlands

Sjóminjasafn Austurlands er á Eskifirði. Sýningar þess eru settar upp í Gömlu búð, gömlu verslunarhúsi frá 1816 og geymir gagnmerkar heimildir um atvinnusögu landsmanna í útgerð, verslun, smíðnaði og lækningum. Safnið var stofnað 1979. Starfsemi safnsins færðist undir Fjarðabyggð við sameiningu sveitarfélaganna árið 1998.

Gripir koma allt frá Langanesi í norðri að Stokksnesi í suðri. Sífelld bætist í safnkostinn.

Sjóminjasafnið er aðili að Sambandi íslenskra sjóminjasafna og tekur þátt í samstarfsverkefnum á vegum þess. Samstarf við önnur söfn hefur verið lítið. Þar má helst kenna um skorti á fjármagni og of fáu starfsfólki.

Opnunartímar, skráningar- og varðveislumál og rekstrarform.

Opnunartímar: 1. júní til 31. ágúst.

Gestafjöldi 2019: 2.005.

Eignarhald og stjórnun: Sjálfseignarstofnun með þriggja manna stjórn. Undir hatti Safnastofnunar Fjarðabyggðar.

Safnkostur: Samkvæmt söfnunarstefnu, er tengist útgerð, verslun, smíðum og lækningum. Allt frá Langanesi að Stokksnesi.

Skráning: Sarpur. Vel skráð.

Geymslur: Viðunandi geymslur.

Viðurkennt safn: Já.

Samstarf: Er aðili að Sambandi íslenskra sjóminjasafna, samstarfsverkefni því tengdu. Ekki mikið samstarf við önnur söfn utan þess.



Frá sýningu Sjóminjasafns Austurlands.

Ljósmynd: Austurbrú.

Tækniminjasafn Austurlands

Þann 18. desember 2020 féll á Seyðisfirði langstærsta aurskriða sem fallið hefur í byggð á Íslandi, af forsögulegri stærð, í kjölfar mestu úrkomu sem mælst hefur á Íslandi á jafn stuttum tíma. Mikil mildi er að ekkert manntjón varð í þessum náttúruhamförum sem skilja eftir stórt sár í landslagi og samfélagi Seyðisfjarðar. Skriðan hreif með sér fjölda húsa. Skriðan féll m.a. á safnasvæði Tækniminjasafns Austurlands og eyðileggingin sem safnið stendur frammi fyrir er gríðarleg. Skriðan gjöreyðilagði tvö húsa þess, renniverkstæðið og gömlu Skipasmíðastöðina, Gamla Vjelsmiðjan er stórskemmd og stálgrindarskemma viðföst Angró skemmdist einnig. Þá varð stór hluti safnkostsins fyrir skriðunni. Margir ómetanlegir safnmunir með mikla og merka sögu eru horfnir auk hinna sögulegu húsa og við því er ekkert hægt að gera. Öðrum gripum hefur verið bjargað úr rústunum en þeir eru í misgóðu ástandi. Mjög tímafrek vinna er fram undan við að koma skipulagi á, hreinsa og skrá safnkostinn. Þá er í dag óvissa um öryggi á safnasvæðinu og því óljóst hvort að safnið verði yfir höfuð staðsett á Búðareyrinni eins og það var áður. Forsendur safnsins hafa því gjörbreyst og felast bæði stórar áskoranir og spennandi tækifæri í núverandi stöðu er varðar framtíð þess, stefnu, staðsetningu, samstarf, fjármögnun og rekstrarform.



Frá Smiðjuhátíð Tækniminjasafnsins árið 2020.

Tækniminjasafnið er lifandi safn sem hefur fjallað um sögu Íslands með áherslu á tæknivæðingu landsins frá um 1880 til dagsins í dag. Það hefur lagt áherslu á að miðla hvernig tæknibreytingar á fjölmörgum sviðum, t.d. véltækni, rafmagns, fjarskipta, samgangna og byggingarlistar eru samofnar breytingum á lifnaðarháttum og umhverfi. Aðalsmerki og sérkenni Tækniminja-

safnsins hafa verið áherslur þess á að viðhalda verkþekkingu og gömlu handverki, oft með notkun á safngripunum sjálfum á virkan hátt, m.a. með því að bjóða upp á vinnustofur og námskeið í eldsmíði, málmbæðslu, prent- og bókverkagerð og hnífasmíði, svo eitthvað sé nefnt.

Gripir er tengjast sögu tækniþróunar á Austurlandi, með sérstaka áherslu, á Seyðisfjörð eru uppistaða safnkostsins. Eins og segir í söfnunar- og sýningarstefnu safnsins frá 2002 er kjarninn í starfsemi safnsins [...] „Wathnestorfan á Seyðisfirði, tilurð hennar og saga. Símsstöðin, Vélsmiðjan, Angró, Þórshamar, Skipasmíðastöðin ásamt Slippnum, Turninum og Angróbryggju mynda einstaka heild húsa frá þeim tíma er tækniöldin var að hefjast

og festast í sessi, þ.e.a.s. frá síðustu áratugum nítjándu aldar og fram yfir miðja tuttugustu öld.“ (Tækniminjasafn Austurlands, 2002). Þessi heild er í dag horfin.

Safnið átti sér nokkra forsögu sem tengist hugmyndum um sérhæfingu safna á Austurlandi og tillögum um verkaskiptingu þeirra. Safnið hefur ekki verið sjálfbært í rekstri um árabil.

Safnið hefur átt í samstarfi við t.d. Þjóðminjasafnið, Minjasafn Austurlands og sveitarfélagið. Það er hluti af Sambandi íslenskra sjóminjasafna. Einnig hefur verið samstarf við Lungaskóla, Listaháskóla Íslands og Skaftfell, myndlistar- miðstöð Austurlands.

Opnunartímar, skráningar- og varðveislumál og rekstrarform.

Opnunartímar: Lokað eftir skriðuföll.

Gestafjöldi 2019: 5.000.

Eignarhald og stjórnun: Félagasamtök með stofnskrá sem sjálfs-eignarstofnun. Þriggja manna stjórn.

Safnkostur: Gripir er tengjast nútíma- og tæknivæðingu Austurlands með áherslu á Seyðisfjörð.

Skráning: Lítið skráð. Í uppnámi eftir skriðuföll.

Geymslur: Bráðabirgðageymsla, einangruð en óupphituð.

Viðurkennt safn: Já.

Samstarf: Samstarf við Skaftfell, miðstöð myndlistar, Listaháskóla Íslands og Lungaskólann talsvert, auk höfuðsafns og Minjasafns.



Ljósmynd: Jessica Auer.

Á sýningu Tækniminjasafnsins um komu ritsímans til Seyðisfjarðar árið 1906 má finna mikið af upprunalegum tækjum og búnaði.

Önnur safntengd starfsemi

Hér á eftir er fjallað um nokkur söfn, setur og sýningar á Austurlandi sem ekki hafa hlotið eða sóst eftir formlegri viðurkenningu safnaráðs/ráðuneytis. Þetta er ekki tæmandi lýsing eða greining á safnatengdri starfsemi á Austurlandi. Alltaf þarf að setja mörk á umfjöllunarefni, hér er ekki fjallað um starfsemi bókasafna í fjórðungnum sem sveitarfélögin reka, Héraðsskjalasafn Austfirðinga eða annarra skjalasafna né menningarmiðstöðvanna þriggja sem þó vissulega standa fyrir sýningarhaldi og tengjast safnastarfi á ýmsan hátt. Einnig eru nokkur einkarekin söfn í fjórðungnum með mismikla starfsemi, svo sem Steinasafn Petru sem baðst undan samtali og önnur minni söfn og sýningar sem ekki er fjallað um hér.

Íslenska stríðsárasafnið

Opnunartímar	1. júní til 31. ágúst.
Gestafjöldi 2019	4.539.
Eignarhald og stjórnun	Í eigu Fjarðabyggðar, undir menningar- og nýsköpunarnefnd.
Safnkostur	Staðbundnir munir er tengjast hernámi Íslands í seinni heimsstyrjöldinni, sérstaklega Reyðarfirði. Sífelldar viðbætur.
Skráning	Aðfangabók.
Geymslur	Köld geymsla.
Tegund starfsemi	Safn án viðurkenningar.
Samstarf	Í samstarfi við Lögregluna varðandi gamlar byssur. Hugmyndir um samstarf við Hernámssetrið í Hvalfirði.

Fransmenn á Íslandi

Opnunartímar	15. maí til 30. september.
Gestafjöldi 2019	15.231.
Eignarhald og stjórnun	Í eigu Fjarðabyggðar.
Safnkostur	Mest frá Fáskrúðsfirði. Safnkostur að mestu á sýningunni.
Skráning	Aðfangabók.
Geymslur	Háaloft grunnskólans, þurrt og tiltölulega jafn hiti.
Tegund starfsemi	Safn án viðurkenningar.
Samstarf	Engin samvinna við önnur söfn, gott samstarf við vinabæinn Gravelines. Mjög sérhæft og því litlir samstarfsmöguleikar.

SÖFN, SETUR OG SÝNINGAR – VIÐTÖL

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Opnunartímar	1. júní til 31. ágúst.
Gestafjöldi 2019	2.710.
Eignarhald og stjórnun	Í eigu Fjarðabyggðar.
Safnkostur	Kemur víða að, sífelldar viðbætur. Mestur hluti á sýningu.
Skráning	Aðfangabók.
Geymslur	Sæmileg varðveisluskilyrði.
Tegund starfsemi	Safn án viðurkenningar.
Samstarf	Náttúrustofa Austurlands og skólar.

Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar

Opnunartímar	1. júní til 31. ágúst.
Gestafjöldi 2019	2.710.
Eignarhald og stjórnun	Í eigu Fjarðabyggðar, upprunnið frá Jósafat.
Safnkostur	Engar viðbætur, söfnun lokið.
Skráning	Skráning frá Jósafat.
Geymslur	Allur safnkosturinn er á sýningu.
Tegund starfsemi	Safn án viðurkenningar.
Samstarf	Ekkert samstarf og ekki þótt ástæða til.

SÖFN, SETUR OG SÝNINGAR – VIÐTÖL

Málverkasafn Tryggva Ólafssonar

Opnunartímar	Júní til ágúst.
Gestafjöldi 2019	2.471.
Eignarhald og stjórnun	Sjálfseignastofnun frá 2007. Styrkir frá Fjarðabyggðarhöfnum, fyrirtækjum og Uppbyggingarsjóði (breytilegt). Fjarðabyggð leggur til sýningarhúsnæði og starfsmann yfir sumartímann.
Safnkostur	Myndlist Tryggva Ólafssonar, ný sýning sett upp árlega. Stærsti eigandi að verkum listamannsins.
Skráning	Skráð eftir settum verkum.
Geymslur	Sérinnréttað geymsluhúsnæði í boði SÚN.
Tegund starfsemi	Safn án viðurkenningar.
Samstarf	Fjarðabyggð og SÚN. Lánað verk til fyrirtækja og stofnana.

Óbyggðasetrið

Opnunartímar	15. maí til 20. september.
Gestafjöldi 2019	5.800.
Eignarhald og stjórnun	Eignarhaldsfélag með þriggja manna stjórn.
Safnkostur	Sýningargripir.
Skráning	Á ekki við.
Geymslur	Á ekki við.
Tegund starfsemi	Fjölbreytt starfsemi; gisting, veitingar, ferðir og sýningahald.
Samstarf	Er í samstarfi við Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafnið, Skriðuklaustur og ferðaþjónustuaðila. Áhugi á frekara samstarfi.

SÖFN, SETUR OG SÝNINGAR – VIÐTÖL

Vesturfarasetrið á Vopnafirði

Opnunartímar	Skrifstofan opin þrjá daga í viku á sumrin og tvo daga í viku á veturna. Sýningin samhliða opnun kaffihússins í Kaupvangi.
Gestafjöldi 2019	450.
Eignarhald og stjórnun	Félagasamstök sem reka Vesturfaramiðstöð Austurlands með þriggja manna stjórn. Vopnafjarðarhreppur leggur til húsnæði. Rekstur byggist á félagsgjöldum, framlögum og styrkjum frá Uppbyggingarsjóði Austurlands og sjálfboðaliðastarfi. Reksturinn mjög ótryggur.
Safnkostur	Tilgangurinn að efla samband við afkomendur vesturfara sem fóru frá Austur- og Norð-austurlandi eftir Öskjugosið 1875. Ættfræðipjónusta og leitað tengingar við samtímann, aðstoð við að undirbúa heimsóknir. Veggspjöld og bækur sem sýning er byggð á, gamlar myndir sem tengjast Minnesota. Lítið um viðbætur.
Skráning	Gögn eru varðveitt í tölvu og munir skráðir.
Geymslur	Á ekki við.
Tegund starfsemi	Setur.
Samstarf	Grunnskólinn, Héraðsskjalasafnið og Icelandic Roots. Jákvæð fyrir frekara samstarfi.

Skriðuklaustur

Opnunartímar	1. apríl til 31. október.
Gestafjöldi 2019	10.000 á sýningu en 40.000 á staðinn sjálfan.
Eignarhald og stjórnun	Sjálfsseignastofnun með skipulagsskrá frá 2008 (varð til 1997). Fimm manna stjórn. Ríkisframlag og aðrar tekjur.
Safnkostur	Gunnarsstofnun rekur menningar- og fræðasetur á Skriðuklaustri með lifandi menningarstarfsemi árið um kring, sýningum, tónleikum, fyrirlestrum og öðrum viðburðum. Störf og saga Gunnars Gunnarssonar, klaustrið að Skriðu o.fl. Upprunaleg gögn varðandi Gunnar eru varðveitt á Þjóðarbókhöðunni, unnið að því að koma þeim í stafrænt form aðgengileg á netinu.
Skráning	Skráð í gegnum Héraðsskjalasafnið og samstarf við Landsbókasafnið í tengslum við skráningu handrita.
Geymslur	Viðunandi eldtraust geymsluaðstaða.
Tegund starfsemi	Setur.
Samstarf	Mikið um samstarf af ýmsu tagi, við stofnanir í fjórðungnum, innanlands og utan. Tengist ekki síður klaustrinu og fornleifarannsóknum. Vatnajökulspjóðgarður, HÍ, Héraust, Minaust Alltaf áhugi og vilji á frekara samstarfi.

SÖFN, SETUR OG SÝNINGAR – VIÐTÖL

Breiðdalssetur

Opnunartímar	Júní til ágúst.
Gestafjöldi 2019	500.
Eignarhald og stjórnun	Sjálfseignastofnun, fimm manna stjórn. Fjármagnað með styrkjum.
Safnkostur	Í gamla kaupfélagshúsinu – miðstöð menningar, sögu og þekkingar. Þrjár stoðir; jarðfræði, málvísindi og saga hússins, þorpsins og nærumhverfis. Gögn frá George L. Walker. Ritverk og persónulegir munir dr. StefánsEinarssonar prófessors. Gögn og munir er tengjast sögu Breiðdals og Gamla kaupfélagsins.
Skráning	Allt skráð og til afrit.
Geymslur	Öryggismiðstöðin er með rafrænt eftirlit á kaupfélagshúsinu. Viðkvæm gögn í læstri skjalageymslu í grunnskólanum.
Tegund starfsemi	Setur.
Samstarf	Samstarf við Rannsóknasetur HÍ, Náttúrufræðistofnun og Náttúruinjasafn Íslands.

Byggðasafnið á Djúpavogi

Opnunartímar	15. maí til 15. september.
Gestafjöldi 2019	950.
Eignarhald og stjórnun	Í eigu sveitarfélagsins.
Safnkostur	Byggðasafn svæðisins.
Skráning	Lítill hluti skráður.
Geymslur	Mest allt á sýningu, annað geymt í Löngubúð.
Tegund starfsemi	Safn án viðurkenningar.
Samstarf	Samstarf lítið, lokaðar einingar en vilji til frekara samstarfs. Skólarnir vannýttir.

SÖFN, SETUR OG SÝNINGAR – VIÐTÖL

Eysteinsstofa

Opnunartímar	15. maí til 15 september.
Gestafjöldi 2019	950.
Eignarhald og stjórnun	Undir sveitarfélaginu.
Safnkostur	Minningarstofa um Eystein Jónsson stjórn- málamann frá Djúpavogi og konu hans Sólveigu Eyjólfsdóttur.
Skráning	Á ekki við.
Geymslur	Á ekki við.
Tegund starfsemi	Sýning/minningarstofa.
Samstarf	Samstarf lítið, lokaðar einingar en vilji til frekara samstarfs. Hægt að auka samstarf við skóla.

Ríkarðshús

Opnunartímar	15. maí til 15. september.
Gestafjöldi 2019	950.
Eignarhald og stjórnun	B-hluta stofnun sveitarfélagsins með eigin stjórn.
Safnkostur	Safn Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara og myndskera. Um störf hans og líf, vinnustofa hans á sýningu. Flytur bráðum í Faktorshúsið.
Skráning	Í sarpi.
Geymslur	Hluti í geymslu.
Tegund starfsemi	Safn án viðurkenningar.
Samstarf	Samstarf lítið, lokaðar einingar en vilji til frekara samstarfs. Hægt að auka samstarf við skóla.

NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA VIÐ FORSVARSMENN SAFNTENGDRAR STARFSEMI Á AUSTURLANDI

Frakkar á Íslandsmiðum

Sýningin *Frakkar á Íslandsmiðum* segir sögu franskra skútusjómannanna á Fáskrúðsfirði. Raun-sannri mynd er brugðið upp af lífi þeirra og kjörum ásamt merku framlagi Frakka hér á landi í m.a. þróun húsagerðar og heilbrigðisþjónustu. Safnið er í eigu Fjarðabyggðar og fer menningar- og nýsköpunarnefnd með umsjón þess. Fjarðabyggð leggur til fjármagn ásamt því að aðgangseyrir fer til reksturs safnsins. Sýning safnsins er metnaðarfull, staðsett í tveimur endurgerðum sögulegum byggingum með frönsk tengsl, Læknishúsinu og

Franska spítalanum. Uppruni muna tengist að mestu Fáskrúðsfirði og eru flestir gripir þess á sýningunni. Annað er geymt á háalofti Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar en þar er þurrt og tiltölulega jafn hiti. Engin samvinna hefur verið við önnur söfn, né útlán á hlutum, en safnið á gott samstarf við vinabæinn Gravelines, m.a. með náms- og starfsferð franskra nemenda fyrir stuttu. Safnið er sérhæft og ekkert annað franskt safn í nágrenninu sem er helsta ástæðan fyrir litlu samstarfi. Áhugi á samstarfi er fyrir hendi.



Ljósmynd: Austurbrú.

Á sýningunni *Frakkar á Íslandsmiðum* er brugðið upp lifandi nærmynd af lífi franskra skútusjómannanna við Íslandsmið.

Íslenska stríðsárasafnið

Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði er merk heimild um hernám landsins og síðari heimsstyrjöldina, með hersetu Reyðarfjarðar í forgrunni. Það er staðsett í hernámsbröggum og býður upp á eina grunnsýningu. Árlega er haldinn *Hernámsdagurinn* á Reyðarfirði með ýmis konar uppákomum.

Safnið, ásamt Hernámssetrinu í Hvalfirði, er það eina hér á landi sem gerir atburðum stríðsáranna skil, eins og þeir komu almenningi fyrir sjónir á þessum viðsjárverðu tímum. Safnið var reist árið 1995 og hefur verið rekið af Fjarðabyggð frá því að sveitarfélögin sameinuðust árið 1998. Unnið er að stefnumótun fyrir safnið sem er á lokametrunum. Safnið er rekið á fjármagni frá sveitarfélaginu og styrk frá safnaráði. Munir eru mikið til fengnir af svæðinu og bætist reglulega í safnkostinn, einnig hafa aðrir munir borist víða að.

Ljósmynd: Austurbrú.



Á sýningum Íslenska stríðsárasafnsins er lífinu á stríðsárunum og áhrif herasetunnar á íslensku þjóðina gerð skil á lifandi og skemmtilegan hátt.

Safnið hefur verið í samvinnu við lögregluna varðandi gamlar byssur, hjálma og búninga. Einnig hefur komið til tals að vera í samstarfi við hernámssetrið í Hvalfirði og áhugi á frekara samstarfi er fyrir hendi. Nemendur í safnafræði við Háskóla Íslands hafa hafa unnið verkefni við safnið sem fjalla um safnaumhverfi, uppbyggingu þess og tengingu við samfélagið, auk kynningarmála.

Ljósmynd: Austurbrú.



Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar gefur innsýn í framkvæmdir og smiðatækni fyrri ára.

Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar

Safnið var stofnað af vélstjóranum og athafna-
manninum Jósafat Hinrikssyni sem ættaður var frá
Neskaupstað. Safnið byggir á munum sem tilheyra
sjávarútvegi, járn- og eldsmíði, bátasmíði og
gömlum atvinnuháttum. Einnig geymir safnið
eftirlíkingu af eldsmíðju Hinriks Hjaltasonar, föður
Jósafats, þar sem Jósafat lærði og hóf starfs-
feril sinn. Árið 2000 afhentu erfingjar Jósafats

Ljósmynd: Austurbrú.



Í Safnahúsinu í Neskaupstað eru þrjú söfn með sýningaraðstöðu.

Fjarðabyggð safnið og hófst starfsemi þess árið
2005 þegar Safnahúsið í Neskaupsstað var opnað.
Í safninu er eingöngu munir sem Jósafat átti og
safnaði, þannig að viðbætur eru engar. Fjarða-
byggð rekur safnið. Fengist hafa styrkir úr safna-
sjóði. Safnið er ekki í neinu samstarfi við önnur söfn
og hefur ekki þótt ástæða til þar sem safnkosturinn
er heildstæður og viðbætur eða förgun muna hefur
ekki átt sér stað.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað sýnir dýra-,
plöntu- og steinaríki Austurlands í skemmtilegri
nærmynd. Einnig er ýmsum fisktegundum við
landið gerð skil. Heimsókn þangað er ætlað að vera
fræðandi og áhugaverð upplifun fyrir alla fjöl-
skylduna. Safnið var stofnað árið 1965 og var flutt
í Safnahúsið í Neskaupstað árið 2007. Safnið er í
eigu Fjarðabyggðar sem sér um rekstur þess.


Ljósmynd: Austurbrú.



Heimsókn á lifandi og fallega sýningu Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað er bæði fræðandi og skemmtileg.

Safnahúsið í Neskaupstað hýsir þrjú mismunandi söfn og sýningar.

Munir koma víða að og sífelld bætist við safnið. Lítið
af munum frá safninu er í geymslu, flestir eru
uppsettir á sýningunni. Safnið er í samvinnu við
Náttúrustofu Austurlands sem m.a. heldur utan um
safngripi og veitir faglega ráðgjöf. Einnig er
samvinna við skóla í Fjarðabyggð þar sem ýmis
verkefni eru unninn í tengslum við safnið. Náttúru-
fræðistofnun Íslands hefur verið með fiðrilda-
rannsóknir sem unnar eru í samvinnu við safnið.
Áhugi fyrir frekara samstarfi er til staðar.



Málverkasafn Tryggva Ólafssonar.

Málverkasafn Tryggva Ólafssonar

Á jarðhæð Safnahússins í Neskaupstað er sýninga- raðstaða Málverkasafns Tryggva Ólafssonar og er sýningin þar endurnýjuð árlega. Tryggvi fæddist í Neskaupstað árið 1940 og var í hópi þekktustu og virtustu myndlistarmanna þjóðarinnar. Stíll hans var sérstæður og auðþekkjanlegur og var hann einn af brautryðjendum popplistar hér á landi. Safnið er eina listasafnið á Austurlandi. Magni Kristjánsson stofnaði safnið árið 2001, árið 2007 var því breytt í sjálfeignarstofnun og sama ár fluttist það í Safna- húsið. Það er langstærsti eigandi að verkum Tryggva Ólafssonar og hefur safneignin vaxið frá stofnun. Stjórn og aðrir velunnarar sjá um það sem þarf að sinna og því er enginn starfsmaður ráðinn á

safnið. Fjarðabyggð leggur til starfsmann í Safna- húsið yfir sumartímann til gestamóttöku. Rekstur safnsins 2019 var fjármagnaður með styrkjum frá Fjarðabyggðahöfnum, Uppbyggingar- sjóði Austurlands ásamt því að fyrirtæki á svæðinu styrkja safnið oft myndarlega. Safnið er í samstarfi við Fjarðabyggð varðandi sýningarhúsnæði og SÚN um geymslur. Ekkert frekara samstarf hefur verið skoðað. Safnið er í mjög föstum skorðum og enginn starfsmaður sem takmarkar mjög möguleika til frekara sam- starfs og uppbyggingar, þó tækifærin til þess séu mörg og spennandi.

Óbyggðasetrið

Óbyggðasetur Íslands er staðsett á bænum Egilsstöðum, nærri botni Norðurdals í Skriðdal, í jaðri stærstu óbyggða Norður-Evrópu. Á Óbyggðasetrinu er boðið upp á fjölbreytta upplifun og afþreyingu, s.s. sýningar um líf í óbyggðum og við jaðar þeirra, hestaferðir, gönguferðir, fjöl- breyttar dagsferðir, lengri ferðir og sérsniðnar ferðir fyrir hópa og fyrirtæki, auk gistingar á baðstofulofti og í gömlu íbúðarhúsi og veitingar í eldhúsi og betri stofum heimilisins. Setrið var stofnað árið 2016. Í stjórn þess sitja Gunnar Jóns- son, bóndi ásamt einum fulltrúa frá fyrirtækjunum Sporaslóð og Arctic Adventures. Rekstur setursins er fjármagnaður með aðgangs- eyri og styrkjum ásamt annarri starfsemi sem er boðið upp á í kringum setrið. Sýningar þess um ævintýri óbyggðanna og lífið í jaðri þeirra eru sjón- rænar og fjölbreyttar og vinna með leikmyndir. Meirihluti gripanna var í eigu systkinanna frá Egilsstöðum auk þess að koma frá öðrum bæjum í Fljótsdal. Reglulega bætist í safnkostinn og sýningargripir eru stundum endurnýjaðir. Setrið hefur verið í samvinnu við t.d. Minjasafn Austurlands um lámsgripi til sýninga, Héraðs- skjalasafnið, Skriðuklaustur og ferðaþjónustuaðila.

Langabúð

Í Löngubúð á Djúpavogi, einu elsta húsi staðarins, hafa þrjár einingar starfsemi. Ríkarðshús er með sýningu á listmunum og vinnustofu Ríkarðs Jóns- sonar. Þar má einnig finna Eysteinsstofu, sem fjallar um ævi og störf Djúpavogsbúans, þingmannsins og

ráðherrans Eysteins Jónssonar. Á efri hæðinni má finna sýningu Byggðasafns Djúpavogs. Minjasafn Austurlands hefur aðstoðað og leiðbeint við skráningu safngripa en lítið hefur verið um samstarf að öðru leyti.

Breiðdalssetur

Í Gamla Kaupfélagshúsinu á Breiðdalsvík er Breiðdalssetur, sem er ætlað að vera miðstöð menningar, sögu og þekkingar í viðum skilningi. Starfsemi þess byggist á þremur stöðum:

- Jarðfræðisetur, byggt á rannsóknum og fræðistörfum breska jarðfræðingsins dr. George P.L. Walkers á svæðinu.
- Málvísindasetur til heiðurs Breiðdælingnum dr. Stefáni Einarssyni og rannsóknum hans á íslenskri tungu.
- Byggðasafn helgað Breiðdalsvík og byggðunum þar í kring.

Í húsinu eru þrjár fastasýningar; um Walker, Stefán og steinasýning (t.d. frá gosinu í Holuhrauni) og margvíslegar sérsýningar hafa verið settar upp

reglulega. Starfsemi hófst árið 2011. Setrið er sjálfseignastofnun sem hefur verið fjármögnuð með styrkjum. Frá árinu 2017 var ekki fastur starfsmaður við setrið en sumarstarfsmenn árin 2019 og 2020.

Nýverið var staðfest samstarf við Rannsóknasetur Háskóla Íslands sem opnaði útibú á Breiðdalsvík. Breiðdalssetur á enn öll gögn en rannsóknasetrið mun hafa þau til afnota og umsjónar. Ráðnir hafa verið tveir starfsmenn sem munu hafa rekstur og starfsemi setursins á sinni könnu. Stjórn Breiðdalsseturs er enn starfandi en ber ekki ábyrgð á rekstri setursins.

Á Breiðdalsvík er einnig borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands, varðveitt í gömlu sláturhúsi við hlið Gamla Kaupfélagsins. Mun annar starfsmaður Rannsóknaseturs HÍ verða í 50% starfi við borkjarnasafnið. Fjarðabyggð er eigandi bæði sláturhússins og Gamla Kaupfélagsins og sér um rekstur og viðhald á húsunum tveimur.

Vesturfarinn

Vesturfarinn rekur Vesturfaramiðstöð Austurlands. Vesturfarinn er félag áhugasamra um að efla samband við afkomendur vesturfara sem fóru frá Austur- og Norðausturlandi, sérstaklega Vopna-firði, öðrum stöðum í Múlasýslum og Þistilfirði, til Vesturheims eftir Öskjugosið 1875. Boðið er upp á ættfræðipjónustu, farið aftur í tímann í leit að ættingjum og tengingar við samtímann. Einnig er boðið upp á aðstoð við að undirbúa heimsókn til Íslands þar sem fólk getur hitt sína ættingja hér og komist á sínar ættarslóðir. Sýning er í Kaupvangi

Ljósmynd: Jessica Auer.



Í Kaupvangi á Vopnafirði má skoða sýningu um búferlaflutninga Íslendinga til Vesturheims eftir Öskjugosið 1875.

sem hægt er að skoða á opnunartíma veitingasölu í sama húsi.

Vopnafjarðarhreppur leggur til húsnæði. Setrið er rekið með félagsgjöldum, frjálsum framlögum og styrkjum frá Uppbyggingarsjóði Austurlands og kanadískum félögum og er rekstrargrundvöllur þess veikur.

Setrið hefur verið í samstarfi við Héraðaskjalasafn Austurlands og félagið Icelandic Roots um ættfræði. Áhugi er fyrir frekara samstarfi.

Gunnarsstofnun

Gunnarsstofnun varð til árið 1997 með reglum sem þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, setti um stofnunina. Samkvæmt þeim reglum, með síðari breytingum, starfaði Gunnarsstofnun allt til ársloka 2007 og tók mið af gjafabréfi Gunnars Gunnarssonar skálds og Franziscu Gunnarsson, konu hans, frá 11. desember 1948. Frá 1. janúar 2008 hefur stofnunin verið rekin sem sjálfseignarstofnun með skipulagsskrá. Stofnunin er á föstum fjárlögum. Á Skriðuklaustri rekur Gunnarsstofnun menningar- og fræðasetur með lifandi menningarstarfsemi árið um kring, sýningum, tónleikum, fyrirlestrum og öðrum viðburðum. Í stjórn hennar sitja fimm manns.

Mikið og metnaðarfullt starf er rekið að Skriðuklaustri, viðburðir fjölbreyttir og störf og ævi Gunnars Gunnarssonar þar oft í forgrunni. Sífelld er verið að safna því sem við kemur Gunnari, öll upprunaleg gögn eru þó varðveitt á Þjóðarbókhlöðunni og sífelld er verið að vinna að því að gera gögnin aðgengilegri á netinu. Myndum og fleira



Frá sýningu á Skriðuklaustri um fornleifauppgröftinn á klaustursrústunum.

er verið að koma inn í venslaðan gagnagrunn. Geymsluaðstaða í stofnuninni er viðunandi og eldtraust. Munir eru skráðir í gegnum Héraðsskjalasafn Austurlands en einungis eru nokkrar bækur í bókasafni stofnunarinnar sem ekki eru til annars staðar.

Þá er við Skriðuklaustur merkt minjasvæði sem geymir rústir munkaklausturs sem rekið var frá 1493 fram að siðaskiptum 1550. Fornleifarannsókn sem fram fór árin 2000–2012 endurvakti þá gleymda klaustursöguna. Í dag hafa útlínur og herbergjaskipan klaustursins verið endurgerð á staðnum. Um þessar mundir er verið að leggja lokahönd á

samvinnuverkefni með Norðmönnum og Skotum er snýr að varðveislu og miðlun menningarminja með stafrænni tækni.

Stofnunin hefur átt í margvíslegu og fjölbreyttu samstarfi gegnum árin, bækur eru skráðar í gegnum Héraðsskjalasafn Austurlands, samstarf er einnig við Landsbókasafnið í tengslum við skráningu handrita. Samstarfið tengist ekki síður klaustrinu og fornleifarannsóknum. Samstarf er við Vatnajökulspjóðgarð og Háskóla Íslands en þetta eru örfá dæmi um samstarfsverkefni. Alltaf er áhugi og vilji á frekara samstarfi.

SVÓT GREINING

Tekin voru viðtöl við sveitarstjórnarfólk í Múlaþingi og Fjarðabyggð auk stjórnarformanna þriggja safna; Minjasafns Austurlands, Sjóminjasafns Austurlands og Málverkasafns Tryggva Ólafssonar. Hér eru listaðar upp helstu niðurstöður þeirra viðtala.

STYRKLEIKAR (+)	VEIKLEIKAR (-)
■ Fjölbreytileikinn, margar einingar, sérhæfing, sérstaða og lítið um skaranir. ■ Greiningarvinnan sem er í gangi núna. ■ Sérstæðar stofnanir/einingar, flott og fagleg svo eftir er tekið. ■ Hár faglegur standard í söfnunum. Þau eru vel uppsett. ■ Fagmenntað starfsfólk og mikill mannauður. ■ Fjölbreytileiki, sérsýningar og breytilegar áherslur. ■ Viðburðir á söfnum, hátíðir og upptækur. ■ Samstarf við mismunandi skólastig. ■ Samstarf milli safna á sviði fræðslu og miðlunar, m.a. mætti horfa til menningarmiðstöðvanna þriggja sem hver hefur sína sérstöðu en vinna saman þegar svo ber undir. ■ Snyrtileg aðkoma og umhverfi safna í Fjarðabyggð. ■ Stuðningur og skilningur sveitarfélaganna og kjörinna fulltrúa (Fjarðabyggð). ■ Mikilvægur hlekkur í ferðaþjónustunni sem mætti nýta betur. Vegna fjölbreytni þeirra mynda þau áhugaverða keðju. ■ Góðir innviðir í söfnunum, þau eru vel uppbyggð og til staðar tækifæri til þróunar og eflingar. ■ Tengjast og eru hluti af innviðum og sérstöðu hvers byggðalags. ■ Almennt séð njóta söfnin velvildar. Fólk vill að söfnin séu til og kann að meta þau sem stofnanir.	■ Sundurleitar og sundurtættar einingar og vantar vissa heildarsýn og stefnu. ■ Skortur á viðunandi geymsluhúsnæði. ■ Skortur á fjármagni til forvörslu. ■ Litlar sértekjur austfirska safna. ■ Fámennisvinnustaðir. ■ Heimamenn sækja söfnin lítið. ■ Veikt markaðsstarf. ■ Skortur á fjármagni í rekstur og uppbyggingu og til að tryggja framþróun. Fjárhagslegur grunnur þeirra of veikur. ■ Vantar að miðla betur menningararfinum á stafrænan hátt. Gæti verið verkefni sem væri hægt að vinna á fjórðungsvísu. ■ Reglur um aðgengi að söfnum sem kalla á kostnaðarsamar framkvæmdir. ■ Ekki samfella í sumarstarfsfólki við gestamóttöku. Þekking byggist ekki upp. Mætti mæta að sumu leyti með <i>Handbók fyrir starfsfólk í móttöku safngesta</i>. ■ Mörg af söfnunum ættu að vera viðurkennd söfn (en ekki sýningar) sbr. Stríðsárasafnið. Starfa ekki eftir stöðlum um viðurkennd söfn en ættu að gera það. ■ Það vantar meiri skilning og áhuga sveitarstjórnarfólks þrátt fyrir góðan vilja m.a. vegna þess að málaflokkurinn vegur ekki þungt í hugum margra.

Tekin voru viðtöl við sveitarstjórnarfólk í Múlaþingi og Fjarðabyggð auk stjórnarformanna þriggja safna; Minjasafns Austurlands, Sjóminjasafns Austurlands og Málverkasafns Tryggva Ólafssonar. Hér eru listaðar upp helstu niðurstöður þeirra viðtala.

TÆKIFÆRI	(+)	ÓGNIR	(-)
	■ Mikil tækifæri fyrir menningartengda ferðapjónustu og samfélagið. ■ Samstarf við skóla og fræðslustofnanir, auka safnfræðslu. ■ Sameiginlegt varðveisluhúsnæði með fagfólki í skráningu og forvörslu. Sparar fjármagn og eykur fagmennsku. ■ Nota og nýta safnkostinn meira í tengslum við viðburðahald og safnastarf almennt. ■ Nýta fagþekkingu innan fjórðungs milli safna, jafnvel sameiginlegt starfsfólk í sérstökum verkefnum. ■ Mikilvægt að halda söfnunum lifandi og endurnýja reglulega sýningar. ■ Mikil sóknartækifæri í Stríðsárasafninu. ■ Gæða söfnin meira lífi og gera þau að samkomustað íbúa og gesta. ■ Blandaður rekstur, sbr. Randulffsjóhús. ■ Aukin og betri markaðssetning. ■ Frekari uppbygging og framþróun til að nýta þau tækifæri sem í söfnunum liggja. ■ Að halda betur utan um söguna og hina sögulegu þróun í þessum landshluta. Söguleg þekking er hagnýt þekking. Að eiga aðgang að öruggum og traustum heimildum er ómetanlegt. ■ Mjög mikilvægt að halda vel utan um ljósmyndir og annað myndefni.	■ Verið er að leysa upp byggðasamlög, bola Fljótsdalshreppi úr stjórn og aðkomu að Minjasafni Austurlands. Þarf að tryggja að safnastarfið nái til allra. ■ Mikilvægt að muna hvert markmiðið er með rekstri safns, hafa í huga hvernig minjarnar endurspegla sögu svæðanna sem unnið er með. ■ Náttúruvá á Seyðisfirði. Ofanflóðavarnir að klárast í Fjarðabyggð. ■ Covid-19 heimsfaraldurinn – færri gestir og þar með minni rekstrartekjur. ■ Trygginga- og varðveislumál mættu vera í betra lagi. ■ Inngrip frá ríkisstofnunum í málefni og skipulagsmál safna á svæðinu. Mörk og valdheimildir óljós eða ekki eftir þeim farið. ■ Reglugerðir um aðbúnað og faglegt starf safna með auknum kröfum án þess að stuðningur ríkisvaldsins fylgi með á móti. ■ Skjalamál og skjalavarsla ekki nægilega traust. Vantar skilning á mikilvægi þess. Ætti að stofna sér skjalasafn í Fjarðabyggð sem væri í miklu samstarfi við Héraðsskjalasafn Austurlands. Fólk á fjórðunum ekki alltaf tilbúið að senda skjölin frá sér. ■ Áhuginn í samfélaginu og hjá kjörnum fulltrúum ekki nægilega einlægur. Meira í orði en á borði.	



Frá sumarsýningu Slátturhússins/Menningarmiðstöð Fljótshálsdæla 2019 sem fjallaði um sögu Sunnefu Jónsdóttur og óleyst sakamál frá 18. öld.



Sýningarrými safna má nota í ýmsum tilgangi, s.s. fyrir málþing, ráðstefnur, móttökur og fleira eins og sjá má á þessari mynd þar sem stjórn Sparisjóðs Austurlands fundar innan um verk Tryggva Ólafssonar.

Viðhorf til sameiningar/samstarfs

- Eðlilegt að skoða allt, sérstaklega varðandi svipaða starfsemi. Mjög eðlilegt að greina og skoða möguleika innan hins nýstofnaða Múlapings.
- Ekki augljósir kostir að sameina söfn að forminu til. Miklu frekar að efla samstarf og ramma það betur inn. Væri flott ef þessir aðilar gætu búið til sameiginlega heimasíðu - gera safnastarfið enn meira sýnilegt hér eystra. Samstarf í fræðslumálum og varðveislu og skráningu, reyna að samþætta það.
- Múlaping breytir engu - sveitarfélagaskipan á ekki að stjórna því. Pólitíkin á ekki að spila mikið inn í en auðvitað þurfa að vera ákveðnar tengingar. Ættu safnamálin að vera í gegnum SSA? Söfnin eru langlífar og seigfljótandi einingar sem eiga ekki að stjórna af sveitarfélagasameiningum. Bygðasamlag kannski góður kostur með aðkomu allra sveitarfélaganna.
- Viðmælendur úr Fjarðabyggð sáu ekki neina augljósa sameiningarkosti, mun frekar möguleika á samvinnu og samlegð á annan hátt. Erfitt að sjá samlegðaráhrif.
- Safnastofnun Fjarðabyggðar er gott dæmi um samstarf/samlegð án formlegrar sameiningar. Hefur vel tekist til en árangur hefði orðið betri með meira fjármagni og fleira starfsfólki.
- Nauðsynlegt að greina betur kosti og galla mismunandi sameiningarmöguleika og hvar sameiginlegir snertifletir liggja í þeim málum.
- Sameining getur leitt til eflingar á faglegu starfi, sérstaklega er varðar forvörslu, skráningu og markaðsstarf. Á móti kemur að drifkraftur samfélagsins að baki hverju og einu safni gæti mögulega minnkað.
- Sameining myndi auðvelda að bjóða upp á safnapassa, yrði einfaldara í reynd þannig.

Samvinna

- Samvinna er alltaf af hinu góða, þó að sameiginlegt fjármagn sé ekki endilega til staðar.
- Samtal milli líkra safna, upp á framþróun, af hinu góða.
- Hægt væri að formgera samstarf um millisafnalán og jafnvel farandsýningar.
- Samstarf á sviði verðlagningar.
- Faghópur forstöðumanna og starfsfólks safna.
- Samstarf um markaðssetningu.

Er þörf á breytingum í starfs- og rekstrarumhverfi safna?

- Þarf að ramma betur inn og formgera samtal og samstarf milli safnanna, greina betur sérstöðu hvers og eins og mannauð og sérþekkingu austfirska safna.
- Mikilvægt að stjórnirnar séu nálægt söfnunum, tryggja að í þeim sitji faglegir aðilar með þekkingu og áhuga í meirihluta, frekar en pólitískt skipaðir fulltrúar. Ekkert verra en vanvirk og veik stjórn, sérstaklega í einmenningsstofnunum.
- Skoða hvort hægt væri að búa til fagráð sem í sætu fulltrúar frá öllum söfnunum auk útvaldra fagaðila annars staðar frá sem hefði það að markmiði að styrkja faglegan grunn og starf.
- Tryggja meira og beinna fjárframlag frá ríki.
- Ekki góð þróun síðustu ára í fjárframlögum frá ríki og ráðuneyti í gegnum safnasjóð þar sem dregið hefur verulega úr styrkjum til reksturs. Ríkið ekki lengur bakhjarl safna, féð frá þeim verkefnatengt. Ekki horft til aðstöðumunar safna eftir staðsetningu, t.d. þau söfn sem ekki eru innan áhrifasvæðis ferða-þjónustunnar. Gerðar kröfur um óraunhæfa afkomu.
- Mikilvægt að línur séu skýrar og heiðarlegar á milli ríkis (og stofnana þess) og sveitarfélaga, hvar og hvenær á að grípa inn í.
- Vantar styrkari rekstrargrunn, aðeins orðið hægt að sækja verkefnastyrki. Ríkið þarf að koma betur að því að styrkja rekstrargrundvöll safna.

Gildi safna fyrir austfirskt samfélag

- Mikið menningarlegt gildi og söfn eru hluti af grunninnviðum hvers samfélags.
- Varðveisla sögunnar og miðlun þannig að íbúar séu meðvitaðir um sínar rætur. Sú vitneskja getur verið leiðarljós um hvert skuli stefna í framhaldinu.
- Sterk og lifandi söfn geta haft margfeldisáhrif.
- Mikilvægur hlekkur í ferðaþjónustu svæðisins.



Frá prentverkstæði Tæknimínjasafns Austurlands sem því miður eyðilagðist í skriðuföllumunum.



Menningartengd ferðapjónusta er sívaxandi á Íslandi og þar spila söfnin lykilhlutverk.

SAMANTEKT ÚR VIÐTÖLUM VIÐ SVEITARSTJÓRNARFÓLK OG STJÓRNARFORMENN SAFNA

| Að mati viðmælendanna eru helstu styrkleikar austfirska safnageirans fjölbreytni hans þar sem unnið er með sérhæfingu hverrar einingar, í þeim býr mikill mannaauður og tækifærin sem þar liggja mikil. Allir eru sammála um að helsti veikleikinn sé skortur á fjármagni í rekstur og uppbyggingu sem hamlar frekari framþróun. Einnig eru óviðunandi varðveisluskilyrði oft nefnd og að vissa heildarsýn og stefnu vanti í málaflokkinn á fjórðungsvísu. Tækifærin eru fjölmörg, sérstaklega í að efla fræðslutengda starfsemi og í ferðaþjónustu. Þá er hugmyndin um sameiginlegt varðveisluhúsnæði oft nefnd. Heimsfaraldur Covid-19 telst eðlilega einnig ógn við safnastarfsemi á Austurlandi sem og annars staðar í heiminum.

Viðhorf til mögulegrar sameiningar safna eru nokkuð mismunandi. Sumir telja rétt að skoða allt á meðan aðrir sjá ekki augljósa kosti við það og vilja frekar leggja áherslu á að stórauka alls konar samstarf. Allir eru á því að samvinna sé af hinu góða og hin ýmsu verkefni nefnd í því samhengi.


Um þörf á breytingum í starfs- og rekstrarumhverfi safna er talað um nauðsyn þess að formgera betur samtal austfirska safnageirans, mögulega með faghópi eða fagraði. Þá er talsverður þungi í ábendingum viðmælenda um að ríkið þurfi að leggja meira fjármagn til málaflokksins og sú þróun að rekstrarstyrkir í gegnum safnasjóð séu nú illfáanlegir er ekki heillavænleg þróun. Ríkið leggi miklar skyldur og oft á tíðum kostnaðarsamar kröfur á viðurkennd söfn, burtséð frá staðsetningu þeirra eða aðstöðumun.

Gildi safna fyrir austfirskt samfélag er ótvírætt, þau eru hluti af grunninnviðum hvers samfélags auk þess að vera mikilvægur hlekkur í ferðaþjónustu svæðisins.

VIÐTÖL VIÐ FORSTÖÐUMENN HÖFUÐSAFNA OG FRAMKVÆMDASTJÓRA SAFNARÁÐS

Viðtöl voru tekin við fulltrúa Náttúruminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og safnaráðs og spurt út í sýn þeirra á austfirsk safnamál, ábyrgðarsöfn og viðhorf til samvinnu og/eða sameiningar safna/safntengdrar starfsemi. Einnig voru skýrsludrögin send til Þjóðminjasafns Íslands til kynningar og óskað eftir athugasemdum sem tekið var tillit til.

Hér á eftir hafa umfjöllunarefni verið flokkuð niður og viðhorf viðmælenda kynnt, jafnvel þó þau stangist stundum á.



Ljósmynd: Gunnar Freyr Gunnarsson.

SÝN Á AUSTFIRSK SAFNAMÁL

Almennt líta viðmælendur svo á að gróska sé í austfirsku safnastarfi og fjölbreytni en það sé að vissu leyti viðkvæmara en annars staðar, m.a. vegna fjarlægðar bæði frá höfuðborgarsvæði/áhrifasvæði ferðaþjónustunnar sem og vegalengda og samgangna innan landshlutans. Líkindi eru nefnd við Vestfirði að því leyti. Tiltekið er hversu einstök söfnin eru, ekkert annað sjóminjasafn er viðurkennt á Íslandi utan höfuðborgarsvæðisins (þó vissulegi fjalli mörg söfn um sjóminjasögu og varðveiti minjar henni tengdri), Bustarfell er einstakt sem og áherslur og söfnunarsvið Tækniminjasafnsins.

STYRKLEIKAR (+)	VEIKLEIKAR (-)
■ Tækifæri eru vissulega til staðar, menningarstarf í landshlutanum er blómlegt og gróska á mörgum stöðum. Myndlistarlíf er í blóma á Seyðisfirði og á Djúpavogi, áhersla er á hönnun á Fljótsdalshéraði og víðar, Ríkarður Jónsson og Jóhannes Kjarval eru meðal hinna eldri meistara sem mætti vinna meira með auk Tryggva Ólafssonar og svo mætti lengi telja. ■ Sérstaða með tilliti til náttúrufræða er í jarðfræðinni, steindum og holufyllingum, og hinum fjölmörgu og ólíku steinasöfnum. Þar er sérstaklega nefnt Breiðdalssetur með samstarfi sínu við Rannsóknasetur HÍ og hreindýrin á Mið-Austurlandi.	■ Margar óburðugar einingar með veikan rekstrargrundvöll. Þá er sveitarstjórnar-pólitík innan fjórðungs nefnd sem mögulegur veikleiki þó að tekið væri fram að þekking viðmælenda á því væri ekki mjög mikil. ■ Fjarlægð við áhrifasvæði ferðaþjónustunnar. ■ Skortur á fjármagni og viss ómöguleiki sem felst í því að söfnin hér hafa fæstu ársverkin og einnig fæsta gesti á ársgrundvelli miðað við aðra landshluta. Gestafæð má mögulega skýra með fáum starfsmönnum sem ekki ná t.d. að sinna markaðsstarfi svo vel sé og opnunartími jafnvel minni en annars staðar. Þar sem aðsókn á söfnin er lítil er erfitt að sækja til eigenda þeirra eftir fjármagni fyrir fleiri starfsgildum, sem gerir það að verkum að gestum fjölgar ekki (og erfitt verður að styrkja annað faglegt starf) og úr verður vítahringur sem erfitt er að rjúfa.
TÆKIFÆRI (+)	ÓGNIR (-)
■ Aukið samstarf og mögulegar sameiningar fela í sér tækifæri, rekstrargrundvöllur myndi styrkjast og faglegra starf einnig. ■ Sóknartækifæri liggja í markvissari markaðssetningu sem beinist að ferðamönnum. ■ Sýning Náttúruminjasafns Íslands á steinasöfnum Björns Björgvinssonar í gamla frystihúsinu á Breiðdalsvík og þau tækifæri sem þar liggja til að styrkja allt í senn innviði, samfélag og ferðaþjónustu. ■ Þá liggja ýmis tækifæri í samstarfi höfuðsafna við söfn, safntengda starfsemi, menningarstofnanir og einkaaðila um allt land, hér eystra sem og annars staðar. Ekki bara í „passívu“ samstarfi sem fælist í að lána gripi eða farandsýningar, heldur við gerð og sköpun verkefnanna. Ein hugmynd er að setja á fót listahátið landsbyggðanna (í samstarfi við Listahátið Reykjavíkur og þjóðmenningarstofnanir) sem færðust árlega á milli landshluta. ■ Tækifæri liggja í að horfa vítt yfir sviðið, ekki einblína eingöngu á safnastarf, heldur horfa til annarrar menningarstarfsemi sem og samstarfs við einkaaðila.	■ Ef af sameiningum yrði er viss hætt á að allt safnastarf þjappist undir einn hatt og rými einstakra safna og eininga til að vaxa og dafna myndi minnka eða hverfa. ■ Einkasöfn og óburðugar rekstrareiningar sem hættu rekstri gætu orðið til þess að mikill safnkostur renni til ríkisins/höfuðsafnanna sem hafa takmarkaða aðstöðu til að taka við honum.

REKSTRAR-, LAGA- OG STARFSUMHVERFI SAFNA

Safnaráð er á lokametrinum í stefnumótunarferli og þar er lögð mikil áhersla á að eigendur safna geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og setji sér eigendastefnu. Þannig sé líklegra að eigendur taki ábyrgð á rekstrinum. Þó að rekstur safna sé ekki frekar en önnur menningarstarfsemi, hluti af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga (sem eru langoftast eigendur safnanna) þá eru þau iðulega hluti af innviðum síns samfélags, hluti af staðaranda og ímynd þess. Erfitt er fyrir forsvarsmenn safna að uppfærða nýja handhafa eigendavaldsins (sveitarstjórnarfolk) að loknum hverjum kosningnum, á fjögurra ára fresti, um hvað safnið sé og ástæðu tilvistar þess. Með eigendastefnu er tryggara að þess þurfi ekki.



Ljósmynd: Jessica Auer.

Burstarfell á Vopnafirði.



Ljósmynd: Austurbrú.

Fransmenn á Íslandsmiðum, Fáskrúðsfirði.



Ljósmynd: Austurbrú.

Stríðsárasafnið á Reyðarfirði.

Koma mætti á fót styrkjakarfi fyrir söfn og safntengda starfsemi sem ekki hafa fengið formlega viðurkenningu. Það kerfi sem nú er við lýði, þ.e. að slík starfsemi geti sótt í safnasjóð með fulltingi viðurkennds safns, hefur ekki virkað nógu vel í reynd.

Það væri áhugavert að skoða einhvers konar flokkun á viðurkenndum söfnum, því að mörgu leyti undarlegt og jafnvel óeðlilegt að t.d. Borgarsögusafn Reykjavíkur og Bustarfell falli í sama flokk, með sömu skyldur og kröfur, eins ólík þau eru að umfangi. Þetta er þó mjög flókið í framkvæmd.

Styrkja þarf höfuðsöfnin, sérstaklega Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands, sem hafa yfir umtalsvert minni fjármunum að ráða en þjóðminjastafnið. Það gerir að verkum að þau ná ekki að sinna hlutverki sínu sem höfuðsöfn þó að viljinn sé vissulega til staðar.

Opinber stefna er að viðurkennd söfn eigi að vera rekstrarhæf án aðkomu ríkisins og eigendur (sveitarfélögin) eigi að tryggja rekstrargrundvöllinn. Skiptar skoðanir eru á því hvort sú stefna sé rétt. Annars staðar, s.s. í Danmörku, fylgir rekstrarfé frá ríki til safns sem fær formlega viðurkenningu. Spurning er hvort að breyta mætti safnalögum þannig að kveðið væri á um lágmark launaðra starfsmanna á viðurkenndum söfnum.

Einn viðmælandi benti á að með tilkomu safnafræðinnar væri orðinn til nokkur fjöldi sérmenntaðs starfsfólks en safnageirinn, sökum fjáðrskorts, hefði í raun ekki getað nýtt þann mannauð nema að litlu leyti.

VIÐHORF TIL SAMEININGAR SAFNA

Misjafnar skoðanir voru um hverju sameiningar myndu skila þó viðmælendur sammæltust um að núverandi ástand, með mörgum veikburða og fámennum söfnum, gangi ekki til lengdar. Meira fjármagn er nauðsynlegt í þennan málaflokk, hugsanlega væri rekstrarleg hagræðing af sameiningu en mismunandi skoðanir eru um faglega ávinninginn.

Einn viðmælandi nefndi að sameina mætti mismunandi menningarstofnanir, t.d. eins og gert var á Dalvík, þar sem bókasafn, héraðsskjalasafn, byggðasafn ásamt menningarhúsinu Hofi voru sett saman undir einn hatt. Þar með verður starfsfólkið hluti af stærri heild og mismunandi starfsemi einangrast síður, sem væri jákvætt.

Mikilvægt er að hafa í huga að sameining safna hefur ekki endilega í för með sér færri sýningarstaði, nema síður sé. Hagræðið sé mun frekar rekstrarlegt og styrking á faglegu starfi.

Frekari samvinna

Varðandi samstarf safna í landshlutanum er bæði nefnt að full ástæða væri til að huga að sameiginlegu varðveisluhúsnæði með sérhæfðu starfsfólki. Einnig að hægt væri að sameinast um sérhæfða skráningaraðila til að tryggja gæði skráningar.

Höfuðsöfnin lýstu yfir áhuga og vilja til frekara samstarfs við safnastarfsemi í landshlutanum, sem og á landsbyggðinni allri, eins og áður hefur komið fram.

Ábyrgðarsafn – kostir og gallar

Viðmælendur eru sammála um að óljóst er hver ávinningur yrði af því að koma á kerfi ábyrgðarsafna og grunnforsenda er að fjármagn fylgi. Náttúruminjasafnið og Listasafnið benda á að fjárveitingar til þeirra nægi ekki til að þau geti sinnt sínum hlutverkum sem höfuðsöfn og því í raun ekki raunhæft að bæta við einu laginu enn í safnaflórana, milli höfuðsafna og viðurkenndra safna. Þá eiga viðurkennd söfn flest í erfiðleikum með að sinna sínum störfum og standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem viðurkenndra safna.

Aðkoma viðmælenda að breytingum í formi sameininga

Náttúruminjasafnið og Listasafnið hefðu litla aðkomu að sameiningu safna á Austurlandi þar sem hér er ekkert viðurkennt safn á þeirra sviði. Safnaráð kæmi einnig lítið að því nema ef til yrði nýtt safn úr tveimur viðurkenndum söfnum, þá þyrfti að fara í gegnum viðurkenningarferlið aftur. Ef eitt safn er „annexað“ undir annað, þá væri aðkoman lítil sem engin.

SAMANTEKT ÚR VIÐTÖLUM VIÐ FORSVARSMENN HÖFUÐSAFNA OG SAFNARÁÐS

Gróska, fjölbreytni, einstök söfn og líflegt menningarlíf einkennir austfirskt safnastarf sem að einhverju leyti má tengja við fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Það verður líka til þess að starfið er að einhverju leyti veikburða, einingarnar eru margar og rekstrargrundvöllur oft hæpinn. Tækifærin til samstarfs eru fjölmörg, bæði innan fjórðungs og eins við (þjóð)menningarstofnanir utan hans og við einkaaðila.

Höfuðsöfnin Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands hafa ekki fengið nægar fjárveitingar til að sinna nógu vel hlutverki sínu sem höfuðsöfn og því þarf að breyta.

Skiptar skoðanir eru á kostum þess að fara í sameiningar safna en sýn viðmælenda er þó að einhverjar breytingar séu nauðsynlegar. Margar litlar, óburðugar, rekstrareiningar og fámennisstofnanir verða ekki sjálfbærar til lengdar.


Viðmælendur hafa vissar efasemdir um kosti þess að koma á ábyrgðarsöfnum og ef svo yrði, þyrfti að tryggja fjármagn með þeim.

Hugmyndir um flokkun á viðurkenndum söfnum, styrkjakerfi fyrir safnastarfsemi sem ekki hefði formlega viðurkenningu og breytingu á safnalögum þar sem kveðið væri á um lágmarksfjölda stöðugilda við viðurkennd söfn voru einnig nefndar.

AÐRAR STEFNUR OG ÁÆTLANIR

Hér á eftir verður farið yfir helstu stefnur og áætlanir, á fjórðungs- og landsvísu, til að draga fram samlegð eða snertifleti með þeim og austfirsku safnastarfi. Þannig má vonandi tryggja að gengið sé í takt til framtíðar á sem breiðustum grundvelli. Margar vísa þær hver í aðra og því eðlilegt að framtíðarstefna um austfirsk safnamál geri slíkt hið sama og taki mið af þeim stefnum og áætlunum sem stjórnvöld nota við sín störf og markmiðasetningu.

Ljósmynd: Þráinn Kolbeinsson.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Segja má að söfn hafa tvíþætta nálgun á Heims-markmið SP (Heimsmarkmið SP, án dags.), annars vegar er kemur að hlutverki þeirra í verndun náttúru- og menningararfleifðar heimsins, eins og fjallað er um í undirmarkmiði 11.4 (Heimsmarkmið SP - 11. Sjálfbærar borgir og samfélög, án dags.), en einnig þurfa þau að huga að starfsemi sinni og umhverfi. Mikilvægt er t.a.m. að söfn séu meðvituð um sjálfbærni safnkosts síns, en umfang hans og eðli tekur til marga þátta, s.s. að sýningargerð þeirra hafi umhverfisvernd að leiðarljósi og svo má lengi telja.

Byggyðaaætlun 2018-2024

Stefnumótandi byggyðaaætlun fyrir árin 2018-2024 (Þingsályktun um stefnumótandi byggyðaaætlun fyrir árin 2018-2024, 2018) lýsir stefnu ríkisins í byggyðamálum og er henni ætlað að stuðla að jákvæðri þróun byggyða og efla samkeppnishæfni þeirra og landsins alls. Tilgreindar eru fjöldi áherslna, markmið og aðgerðir til að ná þeim en hér eru dregin fram nokkur atriði er snúa að safna-starfi

- Börn og ungmenni fái aðgang að menningu og listum óháð búsetu og efnahag, svo sem með auknu framboði á vönduðum og fjölbreyttum listviðburðum.

- Sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra verði hvött til að skoða möguleikana á því að styrkja rekstur safna, setra og sýninga með sameiningu eða samrekstri.
- Áfram verði unnið að því að efla skapandi greinar sem vaxandi atvinnuveg á Íslandi.
- Unnin verði stefnumótun og skilgreining á hlutverkum menningarmiðstöðva og sambærilegra stofnana á landsvísu líkt og gert er í nágrennalöndunum.
- Þjónusta við innflytjendur verði aukin og skilyrði þeirra til aðlögunar bætt vegna mikillar fyrirsjáanlegrar fjölgunar þeirra á næstu árum.

MENNINGARSTEFNA 2013

Árið 2013 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi um menningarstefnu íslenska ríkisins á sviði lista og menningararfs (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, 2018) og eru þar fjórir þættir lagðir til grundvallar.

- Sköpun og aðgengi í menningarlífinu.
- Gott aðgengi að listum og menningarafi.

Stefnan er nokkuð viðamikil og má segja að flest í henni eigi að einhverju leyti við um austfirskt safnastarf, sérstaklega viðurkenndra safna. Hér eru dregin fram þeir punktar sem skýrsluhöfundur telur að hafa mesta skírskotun til umfjöllunarefnis skýrslunnar.

Í menningarstefnunni segir

- Íslenskt menningar- og listalíf er öflugt og þar fer meðal annars fram áhugaverð frumsköpun á ýmsum sviðum sem skiptir landsmenn og umheiminn máli. Á sviði menningararfs hafa stjórnvöld miklu hlutverki að gegna því að skilningur á menningarsögu þjóðarinnar er ein af forsendum fyrir virkri þátttöku í samfélaginu og er mikilvægur hluti af sjálfsmynd hvers og eins. Fjölbreytt menningarlíf er einnig þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Þátttaka í menningarlífi veitir lífsfyllingu og hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða. Menningarlífið er einnig lykilþáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu (bls. 6).

Í stefnunni skilgreina íslensk stjórnvöld sitt hlutverk og aðkomu, þar sem m.a. er ítrekað að það sé

þeirra að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs, að aðgengi að menningarstarfi, vitund um menningararf og rannsóknir og miðlun á honum séu mikilvægir þættir í samfélagsgerðinni, til þess fallin að efla vitund um sögulegt samhengi og styrkja sjálfsmynd landsmanna. Þá er það stefna stjórnvalda að stuðningur þeirra sé einna helst við starfsemi atvinnumannanna á sviði lista og varðveislu sem og við miðlun menningararfs. Lögð er áhersla á að menningarstarfsemi er mikilvægur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og mun vægi hennar vaxa þegar fram líða stundir. Þá er sérstök áhersla lögð á að efla menningu barna og ungmenna á landsvísu og stuðla að virkni þeirra og þátttöku í menningarlífinu. Menningarstofnanir eru hvattar til að skipuleggja dagskrá sína með það að leiðarljósi. Einnig er lögð áhersla á stafræna miðlun og markvissa notkun menningarstofnana á upplýsingatækni, ekki síst í miðlun menningararfs (bls. 9-11).

Í kaflanum um lifandi menningarstofnanir er ítrekað mikilvægi þeirra í íslensku samfélagi. Þær styrkja sjálfsmynd Íslendinga og gegna hlutverki við að treysta félagsleg tengsl.

- Samvinna stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar.
- Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu.

Menningarstofnanir gefa landsmönnum tækifæri á að njóta listsköpunar og kynnast menningararfinum og gegna veigamiklu hlutverki í menningar-rannsóknum, söfnun, skráningu, varðveislu og stjórnsýslu. Þær eru þjónustustofnanir sem taka mið af fjölbreytni samfélagsins í starfi sínu og dagskrá auk þess að gegna lykilhlutverki í fræðslumálum á sviði menningar, bæði fyrir börn og fullorðna. Samstarf háskóla og menningarstofnana við menningarrannsóknir er einnig forsenda nýjunga í rannsóknum og miðlun (bls. 16).

Lögð er áhersla á fagmennsku í starfi þeirra og fjölbreytni. Þær eru hvattar til að leita nýrra leiða við rannsóknir og miðlun á menningararfinum. Þær er líka fjallað um að rétt sé að kanna kosti þess að sameina menningarstofnanir, þar sem við á, fyrir samlegðaráhrif og eflingu faglegs starfs (bls. 17). Þá er ítrekað að varðveisla menningararfsins sé ekki einungis mikilvæg grunnstoð í sjálfsmynd landsmanna heldur hefur hún einnig vægi í hnattrænu samhengi (bls. 20).

SAFNASTEYFNA Á SVIÐI MENNINGARMINJA

Þjóðminjasafn Íslands, sem höfuðsafn menningarminjasafna í landinu, hefur m.a. það hlutverk „að móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja, og jafnframt stuðla að samvinnu menningarminjasafna, veita öðrum slíkum söfnum ráðgjöf og styðja faglega við hvers kyns verkefni þeirra (Þjóðminjasafn Íslands, 2017, bls. 5). Í stefnunni segir um framtíðarsýn fyrir safnastarf: „Á íslenskum söfnum sé staðið fyrir metnaðarfullri og lifandi starfsemi sem tengir fólk, staði og safnkost; þar megi finna innblástur og hughrif byggð á sanngildi. Söfn séu traustar stofnanir og hafi ótvírætt gildi fyrir samfélagið“ (bls. 10). Til að svo verði eru skilgreind sex meginmarkmið og dæmi tekin um leiðir að þeim

■ Samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi.

- ☐ Skapa vettvang fyrir umræðu.
- ☐ Samráð og samvinna.
- ☐ Safnfræðsla.
- ☐ Þjónusta safna.

■ Að vinna faglega og á vandaðan hátt með safnkostinn.

- ☐ Samhengi safnastarfs.
- ☐ Efla fagmennsku enn frekar í öllu sem snýr að safnkostinum.
- ☐ Aðgengi fyrir alla.
- ☐ Auka þekkingu starfsfólks.
- ☐ Styrkja faglegt starf.

■ Að sýna frumkvæði og hugrekki í að hafa mótandi áhrif á framþróun í menningarlífi.

- ☐ Hafa sanngildi í heiðri.
- ☐ Endurspegla mannlíf og samfélag.
- ☐ Fjölmeningarsamfélag.
- ☐ Skapandi vinnustaður hefur áhrif.
- ☐ Stýring og þjónusta við ferðamenn og fræðimenn.

■ Að lögð verði rækt við mannauð og starfsumhverfi til að styðja við markmið safnastarfs.

- ☐ Endurmenntun/símenntun.
- ☐ Starfsþróun.
- ☐ Varðveisla þekkingar.
- ☐ Starfsnám.

■ Að tekið verði mið af sjálfbærri þróun í safnastarfinu.

- ☐ Rækta tengslin við nærsamfélagið.
- ☐ Umhverfi – huga að sjálfbærni á öllum sviðum safnastarfs.
- ☐ Efnahagur – samvinna/sameining.
- ☐ Varðveisla menningararfs.

■ Að safnastarfið taki mið af alþjóðlegum tengslum og fræðilegri umræðu.

- ☐ (Al)þjóðlegt samstarf.
- ☐ Alþjóðlegum siðareglum og sáttmálum fylgt.
- ☐ Nýsköpun og áherslur í starfi.
- ☐ Fræðilegur grundvöllur starfsins.

Stefnan er mjög ítarleg, tekur til langflestara þátta safnastarfs og mikilvægt er að hafa hana og markmið hennar í huga ef nýta á þessa skýrslu til breytinga á starfsumhverfi og skipulagi austfirks safnastarfs.

MENNINGARSTEFNA FJARÐABYGGÐAR 2019–2021

Í formála stefnunnar segir:

„Öflugt menningar- og listalíf í Fjarðabyggð er auðlind sem byggja skal á til framtíðar. Menningarstarf eykur lífsgæði og skipar veigamikinn sess í daglegu lífi fólks. Möguleikar einstaklinga til virkrar þátttöku í menningarlífi veita lífsfyllingu, efla orðspor sveitarfélaga og styrkja ferðaþjónustu. Enn fremur gegnir öflugt menningarlíf mikilvægu hlutverki í atvinnuþróun, hefur jákvæð áhrif á byggðaðróun og eykur byggðafestu.“



Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson.

Frá Upptaktinum á Austurlandi árið 2020.



Ljósmynd: Ingvi Örn Þorsteinsson.

Frá tónleikum Hljómsveitarinnar VÖK í Sköpunarmiðstöðinni.



Ljósmynd: Sebastián Ziegler.

BRAS menningarhátíð barna og ungmenna.

Í stefnunni er lögð áhersla á að skapa tækifæri til að skapa og njóta menningar fyrir alla, óháð aldri, stöðu og búsetu og að metnaðarfullt menningarlíf „kristallist í þátttöku íbúa, virðingu fyrir náttúru og menningarverðmætum og samnýtingu auðlinda sveitarfélagsins“ (Fjarðabyggð, 2019, bls. 3). Megináherslur eru fjórar og eru hér tiltekin tvö markmið sérstaklega þar sem Safnastofnun og safnastarf er sérstaklega tiltekið:

1. Menningarþátttaka

2. Börn og menningaruppeldi

„Menningarstofa er tengiliður leik-, grunn- og tónlistarskóla, safna og annarra stofnana sveitarfélagsins við fagaðila úr skapandi greinum. Menningarstofa vinnur markvisst að auknu aðgengi að skapandi námi og starfi í samstarfi við fræðslustjóra, íþrótt- og tómstundafulltrúa og Safnastofnun Fjarðabyggðar. Enn fremur hvetur Menningarstofa til innleiðingar skapandi ferla í skólum, menningar- og frístundastarfi í Fjarðabyggð.“ (Bls. 6).

3. Faglegt og framsækið starfsumhverfi

„Tengsl Safnastofnunar Fjarðabyggðar og Menningarstofu verða styrkt og eflað með reglubundnum fundum, t.a.m. um málefni lista- verkæignar Fjarðabyggðar sem er í umsjón Safnastofnunar. Greina þarf snertifleti sem geta leitt af sér samstarfsverkefni og eflt sérstöðu samfélagsins.“ (Bls. 8).

4. Skapandi stjórnkerfi

MENNINGARSTEFNA FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2019–2021

Hið nýstofnaða Múlaþing er ekki búið að móta sér menningarstefnu en Fljótshálsbær, sem var eina sveitarfélagið af þeim fjórum sem sameinuðust var með eigin menningarstefnu. Endurskoðuð stefna var samþykkt árið 2019. Þar er lögð áhersla á þrjá þætti; menningaruppeldi, sköpun og þátttöku og að lokum umhverfi og sögu (Fljótshálsbær, 2019). Hér eru dregnir út þeir punktar sem tengjast söfnum og safnastarfi.

- Söfn og skólastofnanir starfi saman með heimsóknnum, verkefnum og safnakennslu.
- Áhersla lögð á að vinna að verndun og varðveislu menningararfleifðar og miðlunar hennar til íbúa og gesta.
- Minjasafn Austurlands verði ábyrgðarsafn í samræmi við ákvæði safnalaga.
- Söfnum í sveitarfélaginu sé tryggður ásættanlegur húsakostur til varðveislu minja og sýninga.
- Menningarstofnanir í sveitarfélaginu starfi reglulega saman að verkefnum sem tengja saman listsköpun og menningararf.

Ljósmynd: Jessica Auer.



Skapandi sumarstörf, samstarf Fljótshálsbæis og Fjarðabyggðar.

SÓKNARÁÆTLUN AUSTURLANDS 2020-2024

Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024 (Austurbrú, 2019) inniheldur stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðaáætlun. Í henni er lítið fjallað sérstaklega um söfn eða menningararf, en þó skal fylgjast reglulega með gestafjölda á söfnum og sýningum. Skýrsluhöfundur hvetur samráðshóp til að bæta úr því hve lítið vægi söfn og safntengd starfsemi fær í Sóknaráætlun Austurlands við næstu endurskoðun hennar.

Í framtíðarsýn fyrir árið 2030 (Austurbrú, 2019, bls. 10) er eftirfarandi tekið fram:

- Á Austurlandi er kraftmikið íþróttalíf. Menningarþátttaka er mikil og listir skapa bæði tómstundatækifæri og starfsvettvang fyrir listamenn. Menningarmiðstöðvar eru öflugar og Sinfóníuhljómsveit Austurlands er áberandi í menningarlífinu.
- Mikill metnaður einkennir atvinnulíf á Austurlandi. Sérstaklega er sótt fram á sviði matvælaframleiðslu og matarauður Austurlands er þekktur sem fyrirmyndarhugmyndafræði. Ferðaþjónusta á svæðinu er gæðavara sem sækir fram undir merkjum Áfangastaðarins Austurlands. Ólíkar greinar styðja hver aðra og samvinna blómstrar.
- Markmiðið er að styðja við menningarstarf í víðu samhengi, þar með talið grasrótahreyfingar, fagfólk í listum, menningarhátíðir og menningarstofnanir. Hvetja skal til að allir viðburðir séu sýnilegir með sameiginlegu viðburðadagatali fyrir Austurland. Hvetja til afþreyingar fyrir börn.

Ljósmynd: Jessica Auer.



Með markvissu menningarstarfi með börnum og ungu fólki skapast fyrir þau tækifæri til áhugaverðra starfa í framtíðinni.


ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND OG ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN AUSTURLANDS

Verkefnið Áfangastaðurinn Austurland var sett af stað árið 2014 að frumkvæði Ferðamálasamtaka Austurlands en er stýrt af Austurbrú í þeim tilgangi að „efla samkeppnisstöðu Austurlands með viðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga um verkefni er stuðla að framþróun svæðisins, velferð sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Verkefninu er ætlað að vera samfélagsáttak og skapa ramma fyrir þróun áfangastaðarins Austurlands.“ (Áfangastaðurinn Austurland, án dags.)


Árið 2018 kom út Áfangastaðaáætlun Austurlands (DMP) fyrir árin 2019-2021, unnin í samstarfi við Ferðamálastofu og markaðsstofur landshlutanna. Um er að ræða heildræna stefnu, á forsendum landshlutans, til að efla bæði samstöðu og slagkraft fjórðungsins. (Byström & María Hjálmarsdóttir, 2018) Heildarsýn stefnunnar er að til verði sterkur og sjálfbær áfangastaður með ferðaþjónustu á ársgrundvelli. Meðal helstu markmiða er að hlúa að rótunum, auka veltu og búa til góðar sögur. Þá er talað um að styðja við klasa og auka samkeppnishæfni með því að fylgja þeim leiðbeiningum og áherslum sem settar hafa verið um vöru-merkið Austurland (bls. 9).

Til grundvallar er lagt hið sk. VICE módel (bls. 21):

Tiltekin eru fjögur áherslusvið sem hafa sérstakt mikilvægi fyrir áfangastaðinn: útivist, leiðangrar, matur og menning og sköpun. Mikilvægt er að skilgreina hvernig söfn og safnastarfsemi tengjast þessum þáttum (bls. 28 og 29).



Stjarnan er leiðarljós Áfangastaðarins.



VICE módelið.

MENNING
4 TÓNLISTARHÁTÍÐIR
3 LISTAHÁTÍÐIR
15 BÆJARHÁTÍÐIR
5 ÍPRÓTTAVIDBURÐIR
8 LISTAMANNABÚSTAÐIR / ART RESIDENCIES
7 MENNINGARMÍÐSTÖÐVAR
FJÖLDI MENNINGARTENGDR A VIÐBURÐA ALLT ÁRIÐ

Viðburðir á Austurlandi.

MENNING & SKÖPUN
• Við viljum að gestir okkar upplifi sköpunarkraft Austurlands
• Við viljum að gestir okkar hafa aðgang að menningu okkar og sköpun
• Við viljum að upplifun á Austurlandi verði einstakari með því að bæta við hana auka lagi af menningu og sköpun í hæsta gæðaflokki
• Við viljum hvetja til þessa að menning og sköpun tengist landslaginu og menningaraarfleidinni sem umvefur okkur.
• Við viljum að sagan um Austurland einkennist af menningu okkar og sköpun

Markmið Áfangastaðaáætlunar.

Viss annmarki á stefnunni er að þegar fjallað er sérstaklega um fjölda viðburða og menningarmiðstöðva þá eru söfn og sýningar ekki tilteknar sérstaklega. Að mati skýrsluhöfundar er þar um mikilvæga og ónýtta auðlind að ræða. Þó má sjá í áherslunum sem tilteknar eru í tengslum við menningu og sköpun að margt þar tengist beint safnastarfi í viðum skilningi (bls. 37).


Í stefnunni er mest unnið með þrjá tiltekna markhópa sem hafa heitin **sjálfstæði landkönnuðinn**, **lífsglaði heimsborgarinn** og **makindalegi menningarvitinn** og skoðað hvernig þeirrir og langanir tengjast framboði og mögulegri reynslu innan Austurlands (Byström & María Hjálmsdóttir, 2018, bls. 76). Birtar eru töflur þar sem annars vegar er útskýrt hverju viðkomandi markhópar leita eftir og hvar er vöntun á framboði. Þarna leika söfn stórt hlutverk og gætu verið mikil sóknarfæri fyrir þau og um leið áfangastaðinn/landshlutann í heild.



SJÁLFSTÆÐI
LANDKÖNNUÐURINN



LÍFSGLAÐI
HEIMSBORGARINN



MAKINDALEGI
MENNINGARVITINN

SAMANTEKT ÚR STEFNUM OG ÁÆTLUNUM

Við stefnumótun og þróun safnastarfs á Austurlandi er gott að hafa í huga fyrrnefndar stefnur og áætlanir. Í menningarstarfi, sem og annars staðar, er mikilvægt að hafa Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Í þeim stefnum sem taka til alls landsins er mikil áhersla lögð á að tryggja menningarþátttöku allra og (stafræna) miðlun menningararfsins og þar bíða safnanna mörg verkefni. Má þar nefna barnamenningu og fjölmennings-samfélagið sérstaklega.

Safnastefna Þjóðminjasafnsins á sviði menningarminja er mikilvægt verkfæri sem austfirsk menningarminjasöfn þurfa að tileinka sér í sínu starfi og stefnumörkun til framtíðar.

Hlutur og hlutverk safna, sem og tækifærin sem í þeim búa, eru rýr í austfirskum stefnum. Það er undarlegt miðað við það fjármagn sem eigendur setja í þau og tækifærin sem í þeim felast.

ÁBYRGÐARSAFN

C.14 verkefnið í byggðaaætlun ber heitið „Samstarf safna – ábyrgðarsöfn“ og í því var kannað viðhorf til hugtaksins ábyrgðarsafns í safnalögum sem og möguleika þess að koma einu slíku á fót á Austurlandi (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024, 2018). Viss munur er á afstöðu viðmælenda til ábyrgðarsafna. Forsvarsmenn höfuðsafnanna og safnaráðs lýsa yfir efasemdum um gildi þess að koma á einu lagi enn í safnageiranum á meðan hvorki höfuðsöfnin né þau söfn á landinu sem fengið hafa formlega viðurkenningu geta fyllilega staðið undir skyldum sínum og kröfum. Eðlilegra væri að tryggja það áður en einu lagi enn er bætt við. Þá sé, ef af yrði, grundvallarforsenda að nægilegt fjármagn fylgi ábyrgðarsöfnum á meðan austfirskir sveitarstjórnarmenn hafa horft til þess með jákvæðari hætti.

Mismikil vitneskja og þekking er meðal austfirsku viðmælendanna um hugtakið ábyrgðarsafn. Þeir sem til þekkja benda á að nauðsynlegt sé að skilgreina hugtakið betur, það sé hvorki vel skilgreint í lögum né augljóst hvað felst í því að safn verði ábyrgðarsafn. Gott væri þó að koma á ábyrgðarsafni innan svæðisins sem gæti stutt við safnastarfið þar því söfn eru oft fámennir vinnustaðir og með skýrum boðleiðum og hlutverki ábyrgðarsafns gætu boðleiðir skýrst. Mikill ávinningur felst í því að vita hvert eigi að leita eftir aðstoð og tengsl og net safnanna myndu styrkjast. Hvert og eitt safn hefði sitt hlutverk og héldi sinni sérstöðu þrátt fyrir að ábyrgðarsafn yrði hatturinn. Mikilvægt er að stofnun ábyrgðarsafns taki ekkert frá öðrum söfnum.

Annar viðmælandi nefnir að með ábyrgðarsafni/söfnum megi skilgreina verkefni betur og úthluta þeim eftir sviðum eða landssvæði og

þannig setja betri fókus í safnastarfið, þar sem söfn eru mörg hver að vinna sömu hlutina. Nauðsynlegt er að fjármagn fylgi með, safnageirinn allur líður fyrir fjárskort sem hefur áhrif á möguleika þeirra til samstarfsverkefna. Það gæti verið ástæðan fyrir því að hver heldur sig inni í sínum kassa sem erfitt er að komast út úr. Miklir möguleikar felast í því að brjóta niður þessa ósýnilegu múra og tækifærin til menningarlegrar sköpunar í tengslum við menningararfinn eru óþrjótandi. Um leið þarf að tryggja (stafrænt) aðgengi að því sem varðveitt er svo það hamli ekki miðlunarmöguleikum. Að sögn viðmælandans stöndum við nágrannaþjóðum okkar langt að baki í þeim málum.

Bent er á að gott væri að horfa til nágrannalanda þegar samstarf, sameining o.fl. sem við kemur ábyrgðarsafni er til skoðunar.

Minjasafn Austurlands er oftast nefnt sem það austfirska safn sem getur tekist á við þetta hlutverk (þótt illa skilgreint sé). Það safn er með styrkasta rekstrargrundvöllinn og sterkasta og fjölþættasta starfið. Í gildandi starfsstefnu safnsins er stefnt að því að það verði ábyrgðarsafn.

Þá má taka fram að í málefнасamningi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sem skipar meirihluta hins nýja Múlaþings, er kveðið á um styðja við söfn innan sveitarfélagsins og að „Minjasafn Austurlands og Tækniminjasafn Austurlands verði aðstoðuð við að ná því markmiði að verða ábyrgðarsöfn og rekstrargrundvöllur þeirra tryggður með viðunandi hætti“ (Málefнасamningur D- og B-lista í nýju sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi, 2020).

| Í nágildandi safnalögum má finna ákvæði um ábyrgðarsöfn. Ekkert íslenskt safn hefur fengið þann titil enn og mjög skiptar skoðanir eru um hvort ástæða sé til að virkja fyrrnefnt ákvæði, og þá með hvaða móti það skuli gert.



Tæknimínjasafnið stendur nú á tímamótum. Vinnustofa um framtíð þess var haldin í júní 2020 sem byggðist á samstarfi fjölda aðila, þ.m.t. fulltrúum austfirskra safna og menningarstofnana.

SAMEININGAR– OG SAMSTARFSMÖGULEIKAR

Hér eru dregnar upp nokkrar sviðsmyndir um sameiningar og samstarfsverkefni, án þess að lagt sé sérstakt mat á fýsileika þeirra, mikilvægi eða árangur. Til þess þarf frekari greiningu og samtal. Það er þó mat skýrsluhöfundar, eftir þá greiningarvinnu sem hér hefur farið fram, að full ástæða sé til þess að horfa alvarlega til breytinga á starfs- og rekstrarumhverfi austfirskis safnastarfs. Óbreytt ástand veldur því að fjölmörg tækifæri til uppbyggingar og framsóknar, fyrir bæði austfirskt samfélag og ferðaþjónustu, verða ekki nýtt, söfn og safntengdur rekstur nær ekki að auka sértekjur sínar og hætta er á að starfsfólk brenni út í störfum sínum.

Safnapassi

Viðmælendur höfðu ekki miklar skoðanir á gildi og hagnýti þess að bjóða upp á safnapassa fyrir austfirsk söfn. Það hefur verið reynt, allt Austurland var undir og skilaði sér misjafnlega á milli safna. Um var að ræða afsláttarpassa þar sem greitt var fullt gjald inn á fyrsta stað og minna á þeim næsta. Hann var ekki mikið notaður og datt fljótt upp fyrir. Hugsanlega er ekki fullreynt að bjóða upp á slíkt fyrirkomulag og mögulega gæti verið jákvætt að skoða upptöku hans með einhvers konar samstarf að leiðarljósi. Þetta er flókið í framkvæmd en gæti verið hluti af kynningarátaki og sameiginlegu kynningarstarfi.

Fjarðabyggð býður íbúum sveitarfélagsins frían aðgang að þeim söfnum sem það rekur og eru undir hatti þess. Almenn ánægja er með það en upplýsingar vantar um hve mikið íbúar nýta sér þessa þjónustu.

Sameiginlegt varðveisluhúsnæði

Í gegnum tíðina hefur sú hugmynd reglulega verið rædd að koma upp sameiginlegu varðveisluhúsnæði fyrir söfn og fleiri aðila á Austurlandi. Steinunn María Sveinsdóttir, mastersnemi í safnafræði við HÍ, vinnur að lokaritgerð sinni um greiningu á þeirri hugmynd. Hugmyndin sem hún vinnur út frá er að austfirsk söfn, skjalasöfn, stofnanir og fyrirtæki standi sameiginlega að varðveislumiðstöð. Fyllsta ástæða er til að greina frekar þessa leið en kostir og rök með þessari hugmynd eru m.a. að þar fáiist:

- Öruggt húsnæði sem uppfyllir kröfur um varðveisluskilyrði í stað þeirra aðstöðu sem austfirsk söfn búa nú við, sem er sjaldnast í nógu góðu lagi.
- Fjárhagsleg hagræðing af því að byggja upp góða aðstöðu á einum stað frekar en að hvert safn fyrir sig reyni að koma sínum varðveislumálum í ásættanlegt horf.

- Sérhæfing starfsfólks og faglegri umhirða og forvarsla safnkostsins.
- Skjalamál stofnana og fyrirtækja á svæðinu kæmust í mun betra horf.
- Fjölgun starfa fyrir sérmenntað starfsfólk í landshlutanum og styrkir hann þar með sem búsetukost.

Sameiginlegur fræðslufulltrúi

Safnfræðsla er mikilvægur þáttur í starfi safna og liggja þar mikil sóknarfæri. Austfirsk söfn, eins og söfn almennt á landsvísu, eru faliðuð og starfsfólk hefur í mörg horn að líta. Á Minjasafni Austurlands er eini safnfræðslufulltrúi fjórðungsins. Í þessum viðtölum, sem og öðrum sem skýrsluhöfundur tók í verkefni er tengdist stefnumótun Tækniminjasafns Austurlands, kom sú hugmynd upp oftar en einu sinni að hægt væri að sameinast um fræðslufulltrúa. Annað hvort væri um að ræða fræðslufulltrúa fyrir viðurkenndu söfnin fjögur eða innan tiltekins sveitarfélags (Fjarðabyggðar, Múlapings) sem ynni með menningarmiðstöðvunum þremur og öðrum menningarstofnunum á svæðinu er líka möguleiki.

Sameiginleg markaðssetning

Sameiginlegt kynningarstarf fyrir austfirsk söfn, safnvísa, setur og aðrar menningarstofnanir var reglulega nefnt í viðtölum sem mögulegt samstarfsverkefni. Hægt er að sjá fyrir sér mismunandi útfærslur og áherslur og hugsanlega væri rétt að útvista þessum hluta starfsins frá söfnunum sjálfum. Austurbrú, sem sér um markaðssetningu Austurlands á breiðum grundvelli og hefur innan sinna raða sérfræðinga í markaðssetningu, gæti leitt þá vinnu. Þar má skoða sérstakt kynningarátak, sameiginlega heimasíðu, samfélagsmiðla og vefsíðurnar **Austurland.is** og **Visitausturland.is** sem eru markaðssíður fyrir landshlutann. Auglýsingar um viðburði, sýningar og annað mætti einnig falla þarna undir.

Áfangastaðurinn Austurland vinnur að skilgreindum ferðaleiðum (Ferðaleiðir, án dags.) og mætti leggja meiri áherslu á söfn og sýningar innan þeirra.

Samnýting á sérhæfðum skráningaraðilum

Fagleg skráning safngripa eftir viðurkenndum stöðlum er hverju safni gífurlega mikilvæg. Safnaráð hefur tekið upp eftirlit með skráningu og í ljós hefur komið að þau mál eru ekki í nægilega góðum farvegi á landsvísu. Til að snúa þeirri þróun við mætti sameinast um sérhæfða skráningaraðila.

Ein leið til þess væri að tiltekin söfn og tengdir aðilar sæktu um öndvegisstyrk í Safnasjóð til nokkurra ára til að standa straum af kostnaði, sérstaklega meðan að reynsla fengist á hvort að þetta væri góð leið til frekara samstarfs safna og faglegra starfs.

Fagråd/klasastarf

Einn viðmælandi nefndi þá hugmynd að í stað þess að fara í sameiningar safna mætti frekar setja upp fagråd austfirska safna, jafnvel undir hatti SSA, til að bæta faglegt starf og tengslanet innan hins austfirska safnageira. Þá mætti einnig skoða að koma á faglegu klasastarfi, jafnvel undir hatti *Áfangastaðarins Austurlands* sem hefði að einhverju leyti sama hlutverk og fyrrnefnt fagråd en sú vinna passar vel inn í markmið sem sett eru og leiðir í áfangastaðaáætluninni (Byström & María Hjálmarsdóttir, 2018, bls. 37). Fordæmi eru fyrir slíku klasastarfi; Safnaklasi Eyjafjarðar er mjög virkur og hefur t.d. staðið að sameiginlegri kynningu á söfnum á svæðinu (Safnaklasi Eyjafjarðar, án dags.).

Sameiningarmöguleikar

Misjafnt er eftir viðmælendum hversu jákvæðir þeir eru fyrir að skoða frekar sameiningu safna. Sumir sjá engar forsendur eða kosti við það en aðrir eru tilbúnari til að skoða það frekar. Viðmælendur eru almennt sammála um mikilvægi þess að sameining, ef einhver yrði, væri gerð á forsendum faglegs starfs og til að nýta betur fjármagn en ekki í sparnaðarskyni. Hagnaðarsjónarmið eru ekki drifkraftur safna og safntengds rekstrar heldur varðveisla og miðlun menningar- og náttúruarfs. Ef af sameiningum yrði væri ekki horft til þess að sýningarstöðum og sérstöðu þeirra fækki, heldur frekar að tryggja samfellu í faglegu starfi og fækka þeim vinnustundum sem forstöðumenn hvernar einingar samanlagt eyða í stjórnunarstörf og rekstur. Einhverjir viðmælendur viðruðu áhyggjur sínar af því að viss drift og „eignarhald“ nærsamfélaga safnanna gæti horfið ef þau yrðu sett undir sama hatt. Sjálfbóðaliðar og íbúar finna oft til ábyrgðar og stolts gagnvart sínu safni sem viss hætta væri á að myndi hverfa.

Safnastofnun Fjarðabyggðar

Í Fjarðabyggð eru fjölmörg söfn og sýningar undir hatti Safnastofnunar Fjarðabyggðar sem einnig hefur með bóka- og skjalasöfn í sveitarfélaginu að gera. Það fyrirkomulag hefur þótt gefa nokkuð góða raun, þó að vissulega hafi skort fjármagn til að ráða fleira starfsfólk. Forstöðumaður Safnastofnunar er eini fastráðni heilsársstarfsmaður stofnunarinnar ef starfsfólk bókasafna er undanskilið og starfið mjög viðamikilið og margþætt. Það liggur í hlutarins eðli að þróun á faglegu starfi, safnfræðsla eða viðburðahald takmarkast mjög af því. Tækifærin eru vissulega til staðar í þeim fjölbreyttu sýningum og söfnum sem undir Safnastofnunina falla. Grunnhugmyndin um sameiginlega yfirstjórn/yfirsýn á þessum málaflokki innan fjölkjarna sveitarfélags, er allrar athygli verð.

Mögulegt er, þó að viðmælendur telji ekki forsendur fyrir því, að fækka safnaeiningum sem falla undir Safnastofnun og eru alfarið í eigu og á ábyrgð Fjarðabyggðar. Þá mætti horfa til Sjóminjasafnsins, Stríðsárasafnsins, Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar, Náttúrugripasafns Austurlands og Fransmanna á Íslandi, allra eða hluta þeirra. Sýningum yrði ekki fækkað og nöfn þeirra fengju að halda sér, á sama hátt og gert var við stofnun Borgarsögusafns í Reykjavík. Hver ávinningurinn yrði af því verður þó að greina betur. Mögulega yrði um betri nýtingu fjármagns að ræða sem gæti leitt til fjölgunar starfsfólks, grunnforsendu þess að efla safnastarfið.

Múlaþing

Í hinu nýstofnaða Múlaþingi eru tvö viðurkennd söfn auk þeirra safna og sýninga sem eru í Löngubúð á Djúpavogi og einkasýninga/-safna í Berufirði og annars staðar. Þar má greina vilja til að kanna sameiningarmöguleika, kosti þeirra og galla frekar. Mikill munur er á aðkomu sveitarfélagsins til þeirra stofnana sem um ræðir, bæði er varðar eignarhald, ábyrgð og fjárframlög og er safnafólk farið að huga að mögulegum breytingum í kjölfar sameiningarinnar. Gjörbreytt staða Tækniminasafnsins eftir skriðuföllin á Seyðisfirði í desember ýtir enn frekar undir það að skoðaðir verði betur kostir

og gallar við sameiningu þess og Minjasafns Austurlands. Ef farið verður í þá vinnu er að mati skýrsluhöfundar rétt að skoða einnig söfnin og sýningarnar í Löngubúð á Djúpavogi.

Annar möguleiki er að sameina söfnin í Safnahúsinu á Egilsstöðum, þ.e. Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Bókasafn Héraðsbúa. Þar væri hægt að horfa til nýlegrar og sambærilegrar sameiningar í Dalvíkurbyggð.

Sameining þvert á sveitarfélög

Nágrannalönd okkar hafa farið í stórfelldar sameiningar safna á síðustu árum og áratugum. Sem dæmi má nefna Museum Nord í Norður-Noregi sem stofnað var árið 2002, eftir tillögu frá norska menningarráðuneytinu, með sameiningu 21 safns og nær yfir Lofoten, Ofoten og Vesterålen (Museum Nord, án dags.). Fjármagn til reksturs þessara safna er þó á annan hátt í Noregi en hér þar sem norska ríkið fjármagnar 60% af rekstri safnsins, 20% koma frá fylkinu og 20% frá sveitarfélögunum auk þess sem sum söfnin innan þess taka á móti miklum fjölda gesta og hafa því talsverðar sértekjur. Hvort að mögulegt og ekki síður fýsilegt væri að gera þetta á Íslandi mætti skoða. Á Austurlandi mætti annað hvort horfa til viðurkenndra safna eingöngu eða til víðara sviðs. Ef af yrði þyrfti fyrst að koma til stefnumörkun á þá leið frá ríkisvaldinu og í framhaldinu frekari fjárstuðningur við rekstur umræddra safna.

Þær stefnur og áætlanir sem fjallað er um hér að framan gætu samanlagt orðið verkfæri til að tryggja að austfirsk safnastarfsemi og menningarstarf almennt, sveitarfélögin á Austurlandi, Austurbrú og samfélagið allt gangi í takt til framtíðar og nýti þau fjölmörgu tækifæri sem í þeim búa. Þörf er á að horft sé til málaflokksins í landshlutanum sem heildar og að eigendur og starfsfólk safnanna sýni djörfung og framsýni til breytinga. Við óbreytt ástand verður illa unað.

LOKAORÐ

Austfirsk söfn, setur og sýningar eru fjölmörg og fjölbreytt. Í þeim liggja mikil tækifæri varðandi varðveislu og tengingu við samfélagið fyrr og nú, ferðaþjónustu, fræðslustarf og aðrar skapandi greinar. Flestar, ef ekki allar rekstrareiningarnar, liða þó fyrir fjárskort og of fátt starfsfólk, þannig að þær ná ekki því flugi sem þær gætu.

Mikill tími forstöðumanna (og á stundum eina starfsmanns viðkomandi einingar) fer í rekstartengt starf, að tryggja fjármagn til reksturs og aðra umsýslu sem kemur niður á framþróun í faglegu starfi. Nauðsynlegt er að finna leiðir til þess að minnka umfang þeirrar vinnu með sameiningu, auknu rekstrarfé, breyttu rekstrarformi, útivistun verkefna eða öðru til að skapa rými fyrir þann slagkraft sem nauðsynlegur er til þess að söfnin og safnatengd starfsemi nái að styrkjast og ná því flugi sem hún ætti að geta náð.

Gott er að enda þessa samantekt á brýningu Þjóðminjasafnsins til safna sem kemur fram í safnastefnu þess á sviði menningarminja (Þjóðminjasafn Íslands, 2017, bls. 31):

- Þjóðminjasafn Íslands gefur út Safnastefnu á sviði menningarminja sem er ætlað að vera leiðarljós fyrir starfsemi menningarminjasafna hér á landi. Eitt er að hafa leiðarljós og enn betra að hafa markmið – en það dugar skammt ef því er ekki fylgt markvisst eftir. Söfn eru hvött til að marka sér eigin stefnu til nokkurra ára í senn á grundvelli þeirrar stefnu sem hér er lögð fram. Þar yrðu valdar þær leiðir sem henta á hverjum stað og þeim komið í framkvæmd í verkefnum til að ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram.
- Æskilegt væri að þau settu sér jafnframt mælikvarða og viðmið sem notuð yrðu til að meta árangur aðgerða hverju sinni. Þannig yrði hverju safni mögulegt að staðfesta sinn árangur á hverju sviði með áreiðanlegum hætti, eins og eigendur safna gera eðlilega kröfu um.
- Söfnin í landinu byggja eðli málsins samkvæmt hvert og eitt á styrkleikum sínum og halda áfram því góða starfi sem verið er að vinna. En söfn landsins þurfa líka að takast á við nýjar áskoranir á þeim sviðum sem þörf er á að styrkja. Með markvissri þróun og góðu starfsfólki geta þau uppfyllt hlutverk sitt með sóma, haldið áfram að styrkja innviði safnastarfsins og gefið safninu færi á að blómstra enn frekar í framtíðinni.

HEIMILDASKRÁ

Áfangastaðurinn Austurland. (Án dags.). Sótt 13.04.2021 frá Austurbrú
<https://austurbru.is/afangastadurinn-austurland/>

Ársskýrsla safnaráðs 2019. (2019). Sótt 13.01.2021 frá Safnaráð
<https://safnarad.is/um-safnarad/arsskyrslur/arsskyrsla-2019/>

Austurbrú. (2019). Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024. Sótt 15.04.2021 frá Austurbrú
https://austurbru.is/wp-content/uploads/2020/10/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlunAusturlands_2020-2024.pdf

Byggðamál - aðgerðaáætlun. (3.04 2021). Sótt frá Sveitarstjórnir og byggðamál
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaetlun/adgerd/?itemid=564c2d68-b773-11e8-942c-005056bc4d74>

Byström, D., & María Hjálmarsdóttir. (2018). Action Austurland. Destination Management Plan Austurland 2018-2021. Sótt 13.04.2021 frá Austurbrú
https://issuu.com/austurland/docs/181201_fangasta_urinnausturland_dm

Ferðaleiðir. (Án dags.). Sótt 24.02.2021 frá Austurland
<https://austurland.is/ferdaleidir/forsida/>

Fjarðabyggð. (2019). Menningarstefna Fjarðabyggðar 2019-2021. Sótt 01.02.2021 frá Fjarðabyggð
<https://www.fjardabyggd.is/Media/endurskodud-menningarstefna-fjardabyggdar-2019-202.pdf>

Fljótsdalshérað. (2019). Menningarstefna Fljótsdalshéraðs. Sótt 10.02.2021 frá Fljótsdalshérað
https://www.mulathing.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/stefnur/menningarstefna_fljotsdalsherads.pdf

Heimsmarkmið SP. (Án dags.). Sótt 13.01.2021 frá Félag Sameinuðu Þjóðanna
<https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

Heimsmarkmið SP - 11. Sjálfbærar borgir og samfélög. (Án dags.). Sótt 31.01.2021 frá Félag Sameinuðu Þjóðanna
[https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalfbaerar-borgir-og-samfelog/Lög_um_Náttúruinjasafn_Íslands_nr._35/2007_\(3._4_2021\).Sótt_fr%C3%A0_https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007035.html](https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalfbaerar-borgir-og-samfelog/Lög_um_Náttúruinjasafn_Íslands_nr._35/2007_(3._4_2021).Sótt_fr%C3%A0_https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007035.html)

Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011. (4. 3 2021). Sótt frá Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011140.html>

Lord, G. D., & Markert, K. (2007)
The Manual of Strategic Planning for Museums.

Málefnaþingur D- og B-lista í nýju sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi. (2020). Sótt 17. 3 2021 frá Múlaþing
<https://www.mulathing.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/Mulathing/malefnasamningur-undirritadur-30.9.2020-2-.pdf>

Menningarhús og söfn. (2021). Sótt 6. 4 2021 frá List fyrir alla
<https://listfyriralla.is/menningarhus-og-sofn/>

Museum Nord. (Án dags.). Sótt 12.03.2021 frá Museum Nord

<https://www.museumnord.no/en/about-us/>

Myndlistarlög (03.04.2021). Sótt frá Myndlistarlög

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012064.html>

Safnafræði. (Án dags.). Sótt 31.01. 2021 frá Háskóli Íslands

https://www.hi.is/safnafraedi_1

Safnaklasi Eyjafjarðar. (Án dags.). Kynning á Safnaklasa Eyjafjarðar.

Sótt 26.05.2021 frá <https://www.youtube.com/watch?v=abKyhqYZPqM>

Safnalög nr. 141/2011. (04.03.2021). Sótt frá Safnalög

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

Safnaráð. (13.01.2021). Sótt frá Safnaráð

<https://safnarad.is/um-safnarad/>

Safnasjóður. (Án dags.). Sótt 13.01.2021 frá Safnaráð

<https://safnarad.is/safnasjodur/>

Stjórnarráð Íslands. (n.d.). Retrieved from stjornarradid.is

<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=60f05218-ed05-4d49-878a-18eeb7c9225a&itemid=564c2d68-b773-11e8-942c-005056bc4d74>

Tækniminjasafn Austurlands. (2002). Söfnunar- og sýningarstefna. Sótt

09.04.2021 frá Tækniminjasafn Austurlands

<https://www.tekmus.org/resources/sofnunarstefnan.pdf>

Talnaefni - söfn. (2018). Sótt 31.03.2021 frá Hagstofa Íslands

<https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menning/sofn/>

Pingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 (11. 6 2018). Sótt 10.02.2021 frá

<https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>

Pingskjal nr. 1152/2010-2011. (Án dags.). Sótt frá althingi.is

<https://www.althingi.is/altext/139/s/1152.html>

Þjóðminjasafn Íslands. (2017). Safnastefna á sviði menningarminja. Sótt

10.02.2021 frá Þjóðminjasafn Íslands

https://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Thjodm_A4_Safnastefna_2017_WEB_120dpi.pdf

Menningarstefna 2013


https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menningarmal/menning-arstefna_2013.pdf

Áfangastaðaáætlun Austurlands

https://issuu.com/austurland/docs/181201_fangasta_urinnausturland_dm

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir söfn og safntengda starfsemi á Austurlandi



VIÐAUKI 2

Viðtalsvísir fyrir forstöðumenn

1. Hver er þín aðkoma að safnamálum og hversu lengi?
 - A. Hvenær hófst starfsemin/stofnun
 - B. Opnunartími
 - C. Eignarhald og stjórn
 - D. Starfsmannafjöldi
 - E. Rekstur
 - I. Gestafjöldi (árið 20219)
 - II. Aðgangseyrir – Hlutfall af rekstrartekjum
 - III. Tekjur safnsins
 - IV. Fjármögnun reksturs
 - V. Safnapassi og möguleikar á útfærslu hans
2. Hvernig er starfi safnsins háttað?
 - A. Söfnun. Uppruni og viðbætur?
 - B. Varðveisluaðstæður og geymslumál?
 - C. Staða skráningar?
 - D. Samvinna/útlán?
3. Safnkostur viðkomandi safns
 - A. Ef svo er, í hverju er það fólgið og við hverja, hversu lengi það hefur staðið yfir og hefur það tekið breytingum?
 - B. Ef ekki hvers vegna er ekki samstarf til staðar nú?
 - C. Áhugi/möguleiki á frekara samstarfi og eða sameiningu. Ef já/nei, hvers vegna?
4. Samstarf sem nú þegar á sér stað
 - A. Þekking á hugtakinu
 - B. Hlutverk ábyrgðarsafna. Hvert á það að vera (ákveðin svið eða ákveðin svæði)? Mikilvægi þess? Hverju myndi það breyta í „safnalandslaginu“?
5. Annað.

Viðmælendur

- Cathy Ann Josepsson, forsvarsaðili Vesturfaramiðstöðvar Austurlands.
- Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri Minjasafns Austurlands.
- Eyþór Bragi Bragason, safnstjóri Bustarfelli.
- Hákon Hansson, stjórnarformaður Breiðdalsseturs.
- Pétur Sörensson, forstöðumaður Safnastofnun Fjarðabyggðar.
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar.
- Steingrímur Karlsson, framkvæmdastjóri Óbyggðasetursins.
- Zuhaitz Akizu, safnstjóri Tækniminjasafns Austurlands.

Viðtalsvísir fyrir sveitarstjórnarfólk og stjórnarformenn

1. Hver er og hefur verið þín aðkoma að safnamálum og hversu lengi?
2. Hverja telurðu vera styrkleika austfirsks safnastarfs og umhverfis?
3. Hvaða veikleikar?
4. Tækifæri, svo söfn geti betur þjónað sínu samfélagi?
5. Mögulegar ógnir?
6. Hver er þín sýn á safnamál í fjórðungnum og í þínu sveitarfélagi? Hvert er gildi og tilgangur safna fyrir austfirskt samfélag?
7. Telurðu þörf á einhverjum breytingum í rekstri safna og starfsumhverfi? Ef já, hvaða breytingar og af hverju? Ef nei, af hverju?
8. Hvert er viðhorf þitt til sameiningar safna þá sérstaklega m.t.t. þess hverju það myndi skila og/eða tapa.
9. Sérðu fyrir þér frekari samvinnu og samvinnuverkefni? Ef já, hver?
10. Annað.

Viðmælendur

- Ásdís Helga Bjarnadóttir,
stjórnarformaður Minjasafns Austurlands og verkefnastjóri hjá Austurbrú.
- Dýrunn Pála Skaftadóttir,
bæjarfulltrúi Fjarðabyggð og fyrrum formaður menningarnefndar.
- Eydis Ásbjörnsdóttir,
forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.
- Gauti Jóhannesson,
forseti sveitarstjórnar Múlapings og stjórnarformaður Ríkarðshúss. Fyrrum bæjarstjóri á Djúpavogi.
- Gunnar Jónsson,
bæjarritari Fjarðabyggðar og stjórnarformaður Sjóminjasafns Austurlands.
- Magni Harðarson,
formaður menningar- og nýsköpunarnefnd. Áður í safnanefnd.
- Smári Geirsson,
stjórnarformaður Málverkasafns Tryggva Ólafssonar.

Viðtalsvísir fyrir forstöðumenn höfuðsafna og framkvæmdastjóra safnaráðs.

1. Hver er þín sýn á safnamál í fjórðungnum? Hvert er gildi og tilgangur safna fyrir austfirskt samfélag?
2. Hverja telurðu vera styrkleika austfirsks safnastarfs og –umhverfis?
3. Hvaða veikleikar?
4. Tækifæri, svo söfn geti betur þjónað sínu samfélagi?
5. Mögulegar ógnir?
6. Telurðu þörf á einhverjum breytingum í rekstri safna og starfsumhverfi? Ef já, hvaða breytingar og af hverju? Ef nei, af hverju?
7. Hvert er viðhorf þitt til sameiningar safna þá sérstaklega m.t.t. þess hverju það myndi skila og/eða tapa.
8. Sérðu fyrir þér frekari samvinnu og samvinnuverkefni? Ef já, hver?
9. Telurðu að koma ætti á fót kerfi ábyrgðarsafna á Íslandi? Ef já, hverju myndi það skila? Ef nei, af hverju ekki?
10. Hvert væri hlutverk eða aðkoma þinnar stofnunar sem höfuðsafns /Safnaráðs til breytinga í formi sameiningar/samstarfs?

Viðmælendur

- Anna Katrín Guðmundsdóttir,
verkefna- og viðburðastjóri Náttúruminjasafns Íslands
- Harpa Þórsdóttir,
safnstjóri Listasafns Íslands

- Hilmar J. Malmquist,
safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands
- Þóra Björk Ólafsdóttir,
framkvæmdastjóri safnaráðs

